

SVP - Samtök verslunar og þjónustu

ÞJÓNUSTA

ÞAÐ ER MÁLIÐ

Þjónusta 71% af lands- framleiðslu

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var hlutdeild þjónustunnar 71% í vergri landsframleiðslu árið 2005 og hafði hækkað úr 61% árið 1997. Á sama tíma hefur hlutfall sjávarútvegs hins vegar dregist saman um meira en helming eða úr 13% árið 1997 í 6% árið 2005. Árið 2006 störfuðu 72% Íslendinga í þjónustugreinum, ýmist á vegum opinberra aðila eða hjá einkaaðilum.

Nánar bls. 25



Erlent vinnuafli heldur þjónustustiginu uppi



„Stóra vandamálið sem blasir við verslunar- og þjónustugreinunum um þessar mundir er að manna fyrirtækin. Það hefur verið afar erfitt síðustu misserin og ef ekki hefði komið til erlent vinnuafli hefði ekki verið hægt að halda uppi þjónustu í þeim mæli sem þó hefur tekist,“ segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu í viðtali.

Nánar bls. 18

Vöru- og stimpilgjöld verða afnumin



Vöru og stimpilgjöld verða afnumin síðar á kjörtímabilinu að sögn Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra. Í viðtali í blaðinu segist viðskiptaráðherra vilja lækka álögur á fyrirtæki og bæta rekstrarumhverfi þeirra enn frekar og samræma skatta einstaklinga og fyrirtækja.

Sjá viðtal í miðopnu

PIPAR • SÍA • 70090

 **Efnamóttakan hf**
Spillum ekki framtíðinni

Einkamál

Láttu okkur eyða gögnunum



Við sækjum! S. 520 2220

www.efnamottakan.is

Rafrænar sendingar lyfseðla verða alls ráðandi á næstunni:

Ávinningur og aukið öryggi

Nýtt kerfi fyrir rafrænar sendingar lyfseðla milli lækna og apóteka er að komast í gagnid. Í framhaldinu fer í loftið gagnaveita þar sem sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, apótek og fleiri geta sent heilbrigðisupplýsingar sín á milli með dulköðuðum hætti. Þetta mun meðal annars auka mjög öryggi við afhendingu og meðhöndlun lyfja í apótekum og skapa ýmsa möguleika sem í dag eru ekki til staðar, að mati Þórbergs Egilssonar, forstöðumanns lyfja- og þróunarsviðs Lyfju.

Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hleypti á dögnum af stokkunum sendingu rafræna lyfseðla, sem fyrsta áfanga í innleiðingu slíkra sendinga á landsvisu. Áætlað er að þessar rafrænu sendingar verði orðnar að veruleika um allt land um næstu áramót eða á fyrstu mánuðum ársins 2008. Prófanir á þessu kerfi hafa staðið yfir síðan árið 2001, fyrst á Húsavík og síðar á Akureyri sem tilraunaverkefni á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Læknar og apótek, sem hafa tekið þátt í tilrauninni, telja mikinn ávinning af fyrirkomulaginu.

Möguleikar með nýrri boðleið

„Í þróunarferlinu nyrða hafa komið upp ýmsir hnókrar sem mönnum hefur tekist að leysa jafn harðan og þeir hafa komið upp. Nú er byrjað að keyra þetta kerfi á Suðurlandi og næst verður Reykjanesið tekið fyrir. Við ættum því að verða fær í flest þegar farið verður að keyra þetta kerfi hér á höfuðborgarsvæðinu nú í nóvember,“ segir Þórbergur.

Í lok ársins 2005 var ákveðið að rafrænir lyfseðlar skyldu teknir í notkun um allt land í samskiptum lækna og apóteka. Ástæða þess að innleiðingin hefist ekki fyrr en nú er fyrst og fremst sú að ákveðið var að útfæra almenna samskiptaleið með heilbrigðisupplýsingar sem kæmi ekki eingöngu að notum fyrir lyfseðla, heldur fyrir samskipti með heilbrigðisupplýsingar almennt. Sú boðleið er nú tilbúin en að sögn kunnungra opnast miklir möguleikar með rafrænum samskiptum aðila sem starfa á heilbrigðissviði, öryggi eykst svo og þjónusta jafnframt því sem til staðar verða ýmsir möguleikar á hagræðingu í heilbrigðisþjónustunni. Heildarfjöldi lyfseðla árið 2004 var tæplega 1900 þúsund og er markmið verkefnisins að um helmingur allra lyfseðla verði sendur rafrænt um komandi áramót.

Tvíverknadur úr sögunni

Fyrir sjúkling sem fer til lækns og fær lyfseðil breytist fyrirkomulagið þannig að í stað þess að fá í hendur pappírlyfseðil er seðillinn sendur í lyfseðlagátt. Viðkomandi getur þá farið í hvaða apótek sem er og beðið um að fá lyfseðilinn afgreiddan og getur einnig beðið um að seðillinn sé



Lyfsalinn. Skömmtum lyfja og ítarlegri ráðleggingar lyfjafræðinga eru ein þeirra leiða sem ætti að skoða með sparnað í heilbrigðiskerfinu í huga, segir Þórbergur Egilsson hjá Lyfju og formaður lyfsalahóps SVP.



Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sendi fyrsta rafræna lyfseðilinn með formlegum hætti á dögnum þegar hann heimsótti Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Með honum á myndinni er Óskar Reykdalsson, yfirlæknir stofnunarinnar.

sendur í ákveðið apótek, sem getur þá haft lyfin tilbúin innan stundar. Lyfseðlagáttin geymir seðla allt þar til þeir eru sóttir, en þeirra þarf þó að vitja innan 30 daga frá útgáfu, en eftir það geymast fjölnota lyfseðlar í gáttinni og eru tilbúin til næstu afgreiðslu á réttum tíma. Að lokinni notkun er lyfseðlunum eytt úr gáttinni.

„Útgáfu lyfseðla á pappír fylgir ýmis tvíverknadur sem nú verður úr sögunni,“ segir Þórbergur. „Þegar þú kemur með lyfseðilinn þinn í ákveðið apótek þarf að slá hann inn í kerfi apóteksins, yfirfara hann af lyfjafræðingi og sækja ýmsar upplýsingar. Með hinu nýja fyrirkomulagi kemur lyfseðillinn beint inn í kerfi apóteksins. Framtíðin er svo að þegar lyfseðlar fara yfir Netið munum við lyfsalar um leið frá upplýsingar um viðtakenda frá Tryggingastofnun ríkisins,

en margir hafa til dæmis örorku- eða lyfjaskírteini frá TR og njóta þannig afsláttarkjara við lyfjakaup.“

Þéttriðnar girðingar

Að sögn Þórbergs hefur reynst erfitt að fá lyfjafræðinga og annað sérmenntað fólk til starfa úti á landi. Hið nýja rafræna sendingarkerfi lyfseðla getur leyst þann vanda að hluta til. „Lyfjafræðingur, sem getur verið staddur hvar sem er á landinu yfirfer og samþykkir lyfseðil til afgreiðslu. Sendir seðillinn síðan áfram til afgreiðslu í útibúi þar sem til dæmis stríkamerkingar og ýmsar aðrar lausnir eiga að tryggja betur að rétt lyf séu afgreidd. Fjöldi þéttriðinna girðinga á að fyrirbyggja mistök.“

Þórbergur segir að fráleitt sé að hin nýja tækni leiði til þess að útgáfa lyfseðla á pappír leggjast alveg af, þó hún muni dragast mjög saman. „Í

dag er talsvert um að læknar símsendi eða faxi lyfseðla í apótekin og það viljum við sjá leggjast af enda hefur það tvíverknad í för með sér. Slíkar sendingar bjóða líka heim hættunni á fölsun lyfseðla, en kerfið nýja ætti að torvelda möguleika í slíku. Nokkur fölsunarmál koma upp í hverjum einasta mánuði en flest komast þau upp sakir árvekni starfsfólks.“

Tæknilegar hindranir

Lyfjaverð á Íslandi, bæði á heilðsölu- og smásölustigi, er ákveðið af ríkinu. Verulegur árangur hefur náðst á undanförunum árum í lækun lyfjaverðs hér á landi, að sögn Þórbergs, sem er formaður lyfsalahóps SVP. Heilðsöluverð frumlyfja hér á landi er á svipuðu róli og í nágrannalöndunum. Smásöluálagning er eitthvað hærri þó munurinn sé ekki mikill og skýrist fyrst og fremst af smæð markaðarins.

„Stríkamerkingar og ýmsar aðrar lausnir eiga að tryggja betur að rétt lyf séu afgreidd. Fjöldi þéttriðinna girðinga á að fyrirbyggja mistök.“

Séu borin saman viðmiðunarverð, það er lægsta smásöluverð lyfs hér og í Danmörku er munurinn um 5-12 prósent að meðaltali.


„Danir hafa náð góðum árangri í að skapa samkeppni um skráningu ódýrra samheitalyfja inn í landið með því að bjóða svokallaða samskráningu. Stærsta hindrunin í að fá þessi lyf skráð hérlandis er smæð markaðarins ásamt ýmsum kröfum sem geta virkað sem tæknilegar hindranir á smáum markaði, s.s. að í hverri pakkningu skuli vera íslenskar leiðbeiningar. Mikilvægt er að Ísland fái undanþágu frá því ákvæði enda geta flestir aflað sér upplýsinga um lyfin, annað hvort á erlendu tungumáli eða á íslenskum vefsíðum. Í dag kaupum við lyf nær eingöngu frá þremur innlendum birgjum. Ef við ættum kost á öðru og gætum keypt lyf beint frá heilðsölu í nágrannalöndum okkar myndi samningsstaða okkar skána,“ segir Þórbergur sem kveðst vilja efla þjónustubáttinn í starfsemi apóteka. Erlendar rannsóknir sýni að um 50% innleysta lyfja úr apótekum nýtist illa eða ekki og eldra fólk hætti til að gera mistök við inntöku lyfja. Skömmtum lyfja, eins og nú er farin að tíðkast og ítarlegri ráðleggingar lyfjafræðinga frá því sem nú er, séu því ein þeirra leiða sem eigi að skoða með sparnað í heilbrigðiskerfinu í huga.

ÞJÓNUSTA

Útgefandi:
SVP-Samtök verslunar og þjónustu
Ábyrgðarmaður:
Sigurður Jónsson
Umsjón, auglýsingar og umbrot:
Athygli ehf.
Prentun:
Landsprent

Dreift með Morgunblaðinu
16. október 2007

Geymdu það ekki til morguns sem við getum gert í dag.



Liège

- beint fraktflug I I sinnum í viku

Icelandair Cargo býður beint fraktflug I I sinnum í viku til og frá Liège í Belgíu.

Icelandair Cargo í Liège er í innan við 400 km fjarlægð frá mörgum af stærstu borgum í Evrópu og býður landflutninga hvaðan sem er í álfunni.

Nýttu þér hraðvirkasta flutningsmátann innan Evrópumarkaðar.

Hafðu strax samband við Icelandair Cargo, Brautarholti 10-14 í Reykjavík.
Sími 5050 400, fax 5050 630, veffang icelandaircargo.is

Eins
og
skot

ICELANDAIR
CARGO



Almenn flugfrakt undir merkjum TNT og Póstsins

Þjónum viðskiptavinum um allan heim, segir Héðinn Gunnarsson, sölustjóri Íslandspósts

„Í vor hóf Íslandspóstur að bjóða viðskiptavinum upp á almenna flugfrakt undir merkjum TNT og Póstsins. Til skamms tíma höfum við eingöngu boðið upp á hraðflutningaþjónustu fyrir minni og meðalstórar pakkningar. Nú aukum við þjónustuna til muna og bjóðum upp á möguleika á mun stærri sendingum með flugi, en þar erum við að nýta okkur öflugt leiðakerfi Icelandair Cargo og Bláfugls.

Sendingarnar sem um ræðir eru m.a. til og frá Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og þeim Asíulöndum sem Íslendingar skipta helst og mest við, en auðvitað getum við þjónað viðskiptavinum um allan heim,” segir Héðinn Gunnarsson, sölustjóri Íslandspósts í samtali við blaðið.

Þessi þjónusta hefur fengið mjög góðar viðtökur hjá viðskiptavinum og er sendingum stöðugt að fjölga. Vegna stærðar og hagkvæmni í dreifineti Íslandspósts er fyrirtækið í sérstaklega góðri aðstöðu varðandi afhendingar því að þjónustan er á þann veg að eftir að fraktin kemur til landsins er sendingin sótt, hún flutt í póstmíðstöð í Reykjavík og þaðan í útkeyrslu til móttakanda. Þetta kerfi er eitt besta og skilvirkasta dreifinetið hér á landi.



Héðinn Gunnarsson, sölustjóri Íslandspósts.

Öll uppbygging og þróun þjónustunnar miðast við að ná sem mestum hraða og öryggi í flutningi og meðferð sendinga. Áralöng reynsla við flutningastarfsemi, þéttrið þjónustunet og hraður flutningsmáti tryggir viðskiptavinum skjóta og örugga þjónustu.

Flutninganet TNT nær til yfir 200 landa. Hér á Íslandi tengist flutninganet TNT öllum afgreiðslustöðum Póstsins og þannig tengjast sendendur og viðtakendur um allan heim. „Starfsemi og þjónusta TNT tengist þjónustuneti Póstsins mjög vel og skapar í raun ótal möguleika fyrir viðskiptavininn.“ segir Héðinn.



Mikil þensla en teikn um samdrátt

- segir Guðný Harðardóttir hjá ráðningarþjónustunni STRÁ MRI ehf.

„Það er mikil þensla á vinnumarkaðnum um þessar mundir en ég tel mig finna sömu merki núna og ég hef fundið áður þegar þenslan hefur verið að ná hámarki,“ segir Guðný Harðardóttir, framkvæmdastjóri ráðningarþjónustunnar STRÁ MRI. Guðný, sem hefur starfað að ráðningarmálum í rösk 23 ár, segir ástandið í dag að mörgu leyti svipað því sem var fyrri hluta árs 2001 þegar síðasta samdráttarskeið var að hefjast. „Þá var skortur á vinnuafli eins og núna og menn voru talsvert að færa sig á milli starfa í von um betri laun. Það kann að vera gósentíð hjá sumum umsækjendum núna en því miður eru í gangi ákveðnar ranghugmyndir um markaðinn hjá mörgum.“ Guðný nefnir sem dæmi að til þeirra komi einstaklingar sem hafa nýlokið við að mennta sig en skorti reynslu. Samt sem áður telji þeir sig geta farið fram á ofurlaun vegna þess að þeir hafi gráðu. „Þeir átta sig hins vegar ekki alltaf á því að atvinnurekendur eru ekki að sækjast eftir hvaða gráðu sem er. Ef þú hefur réttu gráðuna og réttu

reynsluna þá ertu með eitthvað til að selja vinnuveitandanum.“

Stoðirnar styrkari nú

Í ljósi reynslunnar segir Guðný að varla sé hægt annað en að gera ráð fyrir að framundan sé samdráttarskeið. Að vísu hafi margt breyst hér á landi frá því síðasta samdráttarskeið hófst. Bankarnir séu mun öflugri og sömuleiðis hafi útrás íslenskra fyrirtækja skilað miklu og stoðir atvinnulífsins séu því styrkari en þá. Guðný bendir á að í samdrættinum á árunum 2001 til 2003 hafi menn ekki orðið varir við eins mikið atvinnuleysi og gera hefði mátt ráð fyrir vegna þess að þá hurfu stórir hópar út af vinnumarkaðnum og settust á háskólalabekk. Þegar þessi hópur kom síðan til baka inn á vinnumarkaðinn með háskólapróf og bættist við aðra hópa háskólafólks hafi það haft talsvert áhrif á markaðinn. Hún segir að framboð af menntuðu starfsfólki hafi aukist og nú séu háskólamenntað fólk um 70% þeirra sem skrá sig hjá atvinnumiðlunum. Á sama tíma




Guðný segir að þegar harðnar á dalnum megi búast við að erlenda vinnuaflið verði fyrst fyrir bardinu á samdrættinum.

hafi atvinnutækifærum þessa hóps fjölgað því nú ráði fyrirtæki eins og bankarnir í auknum mæli fólk með háskólapróf í störf sem áður voru skipuð fólki með stúdentspróf. Hún bendir á að um leið og þessi þróun er að eiga sér stað verði sífellt erfiðara að útvega ófaglært starfsfólk til hinna ýmsu starfa. „Einhverjar aðrar ráðningarstofur hafa til að mynda verið að flytja inn fólk í almenna verkamannavinnu og sömuleiðis í afgreiðslu- og þjónustustörf. Þetta má

meðal annars merkja í verslunum og á veitingahúsum í Reykjavík þar sem hlutfall erlends starfsfólks, sem ekki skilur íslensku, hefur aukist mjög að undanfögnu.“

Ef til samdráttar kemur segir Guðný að gera megi ráð fyrir að hans verði fyrst vart hjá fyrirtækjum í þjónustu þar sem þenslan hefur verið hvað mest. Þetta muni bitna harðast hjá yngri fyrirtækjum sem eru með mikið af nýráðnu fólki og sem hafa ekki jafn sterkar stoðir og fyrirtæki

sem eldri eru. „Þegar harðnar á dalnum má búast við að erlenda vinnuaflið verði fyrst fyrir bardinu á samdrættinum. Það fer hins vegar eftir því að hve miklu leyti Íslendingar eru tilbúnir til að ganga í þessi lægri störf hve alvarleg staðan verður hjá þessum hópi,“ segir Guðný Harðardóttir, framkvæmdastjóri ráðningarþjónustunnar STRÁ MRI ehf.



> Saman náum við árangri – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

Skrifstofur Samskipa: Bandaríkin, Belgía, Brasíla, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. Umboðsmenn: Finnland, Portúgal.

samskip
Saman náum við árangri

Erum með reyndasta fólkið í flutningsmiðlun á Íslandi

– segir Kristján Pálsson, framkvæmdastjóri Jóna Transport

„Sérstaða Jóna Transport á íslenska flutningamarkaðnum felst í persónulegri þjónustu, hæfu og reyndu starfsfólki og öflugum samstarfsaðilum,“ segir Kristján Pálsson forstjóri Jóna Transport. Fyrirtækið Jónar hefur stækkað verulega á þeim tæplega 30 árum sem liðin eru frá því starfsemin hófst á sama tíma og það hefur gengið í gegnum miklar breytingar.

„Það má segja að Jónar Transport séu að stofni til samsett úr þremur fyrirtækjum. Boltinn byrjaði að rúlla í Hafnarfirði árið 1979 þegar frændurnir Jón Þór Hjaltason og Jón Helgi Guðmundsson, stofnuðu Jóna. Fyrirtækið þróaðist snemma yfir í alhliða flutningsmiðlun á sjó. Árið 1995 sameinuðust Jónar og Flutningsmiðlunin en hún hafði sérhæft sig í flugfrakt og forflutningum á meginlandi Evrópu. Árið 2000 sameinaðist Flutningsmiðlun Jóna fyrirtækinu BM flutningum sem hafði um nokkurra ára skeið verið í eigu Samskipa og úr varð Jónar Transport.“ Kristján segir að eftir þessa síðustu sameiningu hafi Jónar Transport haldið áfram að vaxa og dafna á eigin forsendum. Reksturinn hafi verið farsæll og þeim hafi haldist vel á samstarfsaðilum og viðskiptavinum.

Rækta samböndin við viðskiptavinina

Jónar Transport bjóða heildarþjónustu í flugfrakt og sjófrakt ásamt allri skjalagerð sem til fellur í kringum slíka flutninga. Þá rekur fyrirtækið einnig tollvörugæmslu. Kristján segir að mikil samkeppni sé á flutningamarkaðnum á Íslandi og telur góðan árangur Jóna Transport meðal annars skýrast af því að fyrirtækið leggi mikla áherslu á að rækta vel samböndin



Kristján Pálsson segir að með nýju upplýsingakerfi aukist til muna möguleikar viðskiptavinanna til að nálgast upplýsingar úr flutningakerfinu.

við viðskiptavinina. „Við hittum þá reglulega og leggjum áherslu á persónuleg tengsl segir Kristján og bætir því við að þrátt fyrir sameiningar flutningsmiðlara á síðustu misserum og innkomu nýrra aðila á markaðinn á síðustu árum séu Jónar Transport ennþá leiðandi aðilinn á íslenska flutningsmiðlunar markaðnum.

Sterkari ímynd Jóna Transport

Á síðasta ári réðust Jónar í yfirgripsmikla ímyndarherferð í íslenskum miðlum. Eftir stefnumótunarvinnu í fyrirtækinu töldum við að þetta væri

rétt leiðin til að styrkja ásjónu okkar út á við. Sjónvarpsauglýsingarnar um „Jón“ vöktu mikla athygli og styrktu ímynd Jóna verulega meðal almennings á Íslandi. Starfsfólk okkar kom fram í auglýsingunum en upptökur fóru fram í skrifstofuhúsnæði Jóna. Við fengum gríðarlegan fjölda heimsóknna á heimasíðu okkar og eitt helsta umtalsefnið meðal unga fólksins var að engin með nafninu „Jón“ ynni hjá okkur. Í framhaldinu gerðum við markaðsrannsókn og fengum þá niðurstöðu að auglýsingarnar hefðu náð athygli langflestra þeirra

sem spurðir voru. Í dag þarf starfsfólk okkar ekki að útskýra hverjir Jónar Transport séu.

Nýtt upplýsingakerfi

Þótt fyrirtækið hafi verið í góðum vexti á undanförunum árum og að vel hafi gengið segir Kristján að alltaf sé verið að leita nýrra leiða til að bæta þjónustuna. Núna sé til dæmis verið að undirbúa nýtt upplýsingakerfi sem gert er ráð fyrir að taka í notkun á næsta ári. Með tilkomu kerfisins, sem verður aðgengilegt í gegnum þjónustuvef, aukast til muna möguleikar viðskiptavina á að nálgast upplýsingar úr flutningskerfinu. Viðskiptavinum mun með tímanum gefast kostur á að stjórna flutningsferlinu betur og hafa betri yfirsýn yfir flutningakeðjuna og hvar varan er stödd á hverjum tíma frá því hún fer frá framleiðanda eða birgja og þar til hún er komin til Íslands. „Við vonum að þetta kerfi, sem er sérhannað flutningsmiðlunar kerfi og þróað í nýjum Microsoft lausnum, verði ákveðinn innblástur fyrir flutningaheiminn hér á landi,“ segir Kristján.

8 skrifstofur í 6 löndum

Vörumagnið sem Jónar Transport flytja hefur aukist ár frá ári og í fyrra

flutti félagið tæplega 5 þúsund gámaeiningar af vörum í sjóflutningum og um sex og hálf milljón kílóa í flugfrakt. Að sögn Kristjáns stefnir í að magnið haldi áfram að aukast á yfirstandandi ári. Hann segir að á síðustu árum hafi verið mikill vöxtur í innflutningi frá meginlandi Evrópu, Skandinavíu og frá Asíu. Þá hafa flutningar innan Evrópu og án viðkomu á Íslandi verið að aukast gríðarlega.

Í dag reka Jónar Transport 8 skrifstofur í 6 löndum á meginlandi Evrópu, í Skandinavíu og Bandaríkjunum. „Við byrjuðum þessa útrás fyrir sex árum en með henni höfum við verið að fylgja viðskiptavinum okkar inn á markaðssvæðin sem þeir eru að starfa á. Við sjáum möguleika á að auka flutninga á milli þessara landa óháð því sem flutt er hingað til lands,“ segir Kristján. Fyrsta erlenda skrifstofa Jóna var opnuð í Danmörku árið 2001 en í dag rekur fyrirtækið eigin skrifstofur í Immingham og London á Bretlandi, í Kaupmannahöfn og Árósum í Danmörku, Moss í Noregi, Varberg í Svíþjóð, Rotterdam í Hollandi og Norfolk í Bandaríkjunum.

Í dag eru starfsmenn Jóna Transport á Íslandi 40 að tölu og segir Kristján að fyrirtækinu hafi tekist að auka flutninga verulega án þess að bæta við sig miklum mannskap. „Það skýrist meðal annars í gríðarlegri reynslu starfsfólks okkar. Við erum ákaflega stolt af fólkinu okkar og allri þeirri þekkingu er það býr yfir.“ Eins segir hann að aðstaða í nýrri og glæsilegri vörumiðstöð móðurfélagsins í Reykjavík hafi haft mikið að segja.

Að hafa gaman að því sem við erum að gera

„Það er stefna Jóna Transport að halda áfram að vaxa með viðskiptavinum sínum og við ætlum að halda stöðu okkar sem leiðandi aðili í flutningsmiðlun á Íslandi með því að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu. Við leggjum líka áherslu á léttleikann og viljum hafa gaman af því sem við erum að gera. Við viljum að starfsfólki okkar líði vel á vinnustaðnum. Þetta er vaxandi eining og ég held að okkur hafi tekist ágætlega að skapa hér þægilegt og gott andrúmsloft,“ segir Kristján Pálsson, framkvæmdastjóri Jóna Transport að lokum.

Ert þú að ganga frá bókhaldinu

og veist ekki hvar þú átt að geyma það?



Hjá okkur eru skjölin þín geymd við fullkomnar aðstæður í nýju öruggu húsnæði. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássleysi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin skjöl.

Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.

- Betri nýting á húsnæði þínu.
- Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- Minni tími fer í leit.
- Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.

Gagnageymslan ehf.

Smiðshöfði 1, 110 Reykjavík,
sími 587 9800, www.gagnageymslan.is



GAGNAGEYMSLAN

Sími 587 9800



Starfsmaður Jóna Transport ferir flutningabíl fyrirtækisins í vörumiðstöðinni í Reykjavík.



Emil Karlsson.

Þjóðin er að eldast og menning-
arstraumar verða margbreytilegri.
Þetta þurfa stjórnendur í verslun og
þjónustu að taka tillit til við mótun
stefnu fyrirtækja sinna. Fyrir þróun
verslunar er mikilvægt að almenn hag-
sæld sé í landinu, góð rekstrarskilyrði,
reglu- og lagasetning sé hagstæð fyrir
greinina, örur tækninýjungar auðveldi
reksturinn og allt rekstrarumhverfið
sé jákvætt. Nauðsynlegt er að þeir sem
reka verslanir að fylgjast með öllum
þessum þáttum og taka tillit til þeirra
í rekstri sínum. Allar breytingar á
neysluvenjum almennings skipta veru-
legu máli fyrir þá sem reka verslun.
Þannig eru nýir straumar og stefnur
ekki síður mikilvæg en utanaðkom-
andi rekstrarskilyrði. Í nýútkominni
Árbók verslunarinnar, sem Rann-

sóknasetur verslunarinnar við Háskól-
ann á Bifröst gefur út, eru talin upp
10 atriði sem munu hafa áhrif á þróun
verslunar hér á landi á næstu árum.

1. Meira fer í munað

Með aukningu kaupmáttar fer sífellt
læggra hlutfall ráðstöfunartekna í
nauðsynjavörur. Neytendur ráðstafa
meira fé til menningar og tómsunda
og láta eftir sér meiri munað en áður.

2. Góðri heilsu gert hærra undir höfði

Fólk er meðvitað um mikilvægi góðr-
ar heilsu og er tilbúið að greiða hærra
verð en áður fyrir holla fæðu. Sala á
heilsuvörum, íþróttafatnaði og -bún-
aði og þjónustu líkamsræktarstöðva
fer vaxandi.

Emil Karlsson forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar, skrifar

Tíu staðreyndir um fram tíð verslunar

3. Engu eytt í óþarfa

Þó að tekjur hafi aukist hratt und-
anfarin ár og neytendur veiti sér meiri
munað en áður hugsar fólk samt vel
um budduna og kys að versla þar sem
verð er hagstæðast, eins og sést t.d. á
vali neytenda á matvælaverslunum.
Lágvöruverðsverslanir hafa mikla
markaðshlutdeild á kostnað þæginda-
verslana sem bjóða betri þjónustu sem
neytendur telja sig ekki þurfa öllum
stundum. Með því að hagræða í inn-
kaupum á nauðsynjavörum verður jú
meira eftir til að eyða í munaðarvarn-
ing.

4. Tími er sama og peningar

Tíminn er verðmætur og neytend-
ur vilja nýta hann sem best. Þeir eru
því tilbúnir að greiða hærra verð en
ella fyrir vörur sem spara þeim tíma
og fyrirhöfn. Dæmi um þetta eru
tilbúnir réttir sem hægt er að kaupa
í matvöruverslunum og tækni sem
gerir afgreiðslu í verslunum hraðvirk-
ari. Almenn farsímaeign og útbreiðsla
þráðlausra nettenginga eru einnig
dæmi um þjónustu sem sparar fólki
tíma.

5. Ekkert mál að aka í innkaupiferð

Stórir verslanakjarnar og miðstöðvar
sem ætlað er að þjóna stórum svæðum
halda áfram að rísa og draga fólk víðs
vegar að. Veitinga- og afþreyingar-

þjónusta fylgir gjarnan verslun svo
að kosturinn við að versla á tiltekn-
um stað sé ákjósanlegur þrátt fyrir
að vegalengd á staðinn geti verið þó
nokkur. Verslunarferðir verða því um
leið afþreying.

6. Milljón möguleikar fyrir neytendur

Með tilkomu Netsins hefur valmögu-
leikum neytenda fjölgað og aðgengi
að upplýsingum gjörbreytt. Fyrirtæk-
in kynna vörur sínar og þjónustu á
Netinu og ákvörðunin um vörukaup
er í síauknum mæli tekin án þessa
að viðskiptavinurinn stígi fæti inn í
verslun. Verslun með bækur, tónlist,
frístundavörur og fatnað fer í sífellt
meiri mæli fram á Netinu og skiptir
þá fjarlægð frá verslun litlu máli.

7. Tilfinningar ráða töluverðu um kaup

Þegar vöruframboð er jafn mikið og
raun ber vitni er það oftast en ekki
vörumerkið sem ræður úrslitum.
Miklu skiptir að byggja upp vöru-
merkið, skapa því sérstöðu og tengja
það ímynd eða lífsstíl sem viðskipta-
vininum er að skapi. Þróun er því
sú að verslanir bjóða upp á fá og vel
valin vörumerki, frekar en að vörur úr
öllum áttum séu í hillunum.

8. Neytendur vilja njóta traustra ráðgjafa

Neytendur vilja fá ráðgjöf og þjón-
ustu þegar þeir stíga inn í verslun.
Með því að sinna viðskiptavininum
og svara þeim spurningum sem vakna
verður upplifun þeirra ánægjulegri og
þeir festa frekar kaup á þeim vörum
sem vekja áhuga.

9. Mikil fjölgun eldri borgara

Þjóðin er að eldast og sífellt stærri
hópur fólks hefur lokið starfsævinni
og komið sér vel fyrir. Eldri borg-
arar kjósa gjarnan að sækja menning-
ingarviðburði og njóta veitinga- og
ferðaþjónustu frekar en að elta við
nýtískufatnað, húsgögn eða nýjustu
rafmagnstækni.

10. Menningarstraumarnir verða margbreytilegri

Fjölmenningsamfélaginu sem við
lifum í fylgir mikil fjölbreytni fram-
boðs á vörum og þjónustu. Neyt-
endur taka fjölbreytninni fagnandi
og finnst ómissandi að borða á ítölsk-
um veitingastöðum, kaupa húsgögn
hönnuð í Skandinavíu og kaffi frá
Suður-Ameríku. Fólk er spennt fyrir
nýjungum og vill fá að kynnast öðr-
um menningarheimum.

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna

Okkar styrkur er m.a. öflugur gagnabanki, því þurfum við síður að auglýsa laus
störf til umsóknar

Sparaðu þér auglýsingakostnað, tíma og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna
með yfir **20** ára reynslu og þekkingu á sviði starfsráðninga

Við höfum þjónustað mörg helstu fyrirtæki landsins og vitum að valið á rétta
starfsfólkinu er einn mikilvægasti þátturinn í velgengni íslenskra fyrirtækja



Suðurlandsbraut 6 sími 588 3031 www.stra.is

Öflugur gagnabanki
auðveldar okkur
leitina að hæfu
starfsfólki. Við getum
því sparað vinnu-
veitendum
auglýsingakostnað,
tíma og fyrirhöfn.

Rík áhersla er lögð
á trúnað varðandi
vörslu gagna og
upplýsingar ekki
veittar um um-
sækjendur nema
að höfðu samráði.

Ánægðir vinnu-
veitendur hafa, til
margra ára, notið
þjónustu STRÁ MRI
sem og umsækjendur,
en stofan sérhæfir sig
jafnframt í ráðningum
í sérfræði- og
stjórnunarstöðum.

www.stra.is

Stefán Jón Friðriksson, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu:

Jákvæð viðbrögð við útvistunarstefnu ríkisins

Á þessu ári hefur fjármálaráðuneytið unnið að kynningu á útvistunarstefnu ríkisins fyrir öðrum ráðuneytum. Útvistunarstefnan og innleiðingin gerir ráð fyrir að skipulega verði farið yfir öll verkefni sem unnin eru á vegum stofnana ríkisins og metið hvort einhver þeirra séu betur komin í höndum einkaaðila. Markmið stefnunnar er að efla samkeppni, auka fjölbreytni og stuðla að nýsköpun á þjónustumarkaði.

Upphaflega var gert ráð fyrir að ráðuneytin hefðu sett sér eigin stefnu um útvistun verkefna fyrir lok árs 2006, en þar sem kynning verkefnisins hefur tekið lengri tíma en áætlað var hefur tímasetningum á framkvæmd stefnunnar frestast um eitt ár. Nú er miðað við að stefnumótun ráðuneytanna sé tilbúin fyrir árslok 2007. Þá á að liggja fyrir forgangsröðun og tímaáætlun ráðuneyta og ríkisstofnana um útvistun þjónustu- og rekstrarverkefna sem ríkið annast nú en sem talið er hagkvæmt að fela öðrum. „Við vonumst til að í árslok eða byrjun nýs árs liggi fyrir hugmyndir um hvað ráðuneyti og stofnanir eru reiðubúin og telja skynsamlegt að gera í þessum efnum,“ segir Stefán Jón Friðriksson, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu. Að hans sögn eru drög að útvistunarstefnu fjármálaráðuneytisins nú tilbúin en hafa ekki verið birt ennþá.

Stefán Jón segir að á vegum ráðuneytisins sé verið að útbúa leiðbein-



Stefán Jón Friðriksson væntir þess að um áramót liggi fyrir hvað ráðuneytin og stofnanirnar eru reiðubúin að gera í sambandi við útvistun þjónustuverkefna.

ingar um hvernig eigi að meta áhrif útvistunar en með því sé stuðlað að því að árangur útvistunar sé metinn

með sambærilegum hætti hjá ólíkum stofnunum.

Að sögn Stefáns Jóns hefur kom-

ið fram mikill áhugi á þessu verkefni á kynningarfundum ráðuneytisins. Hann segir að auðvitað séu menn varfærnir eins og venjulega þegar verið sé að skoða mögulegar breytingar. „Eins og stefnan er uppbyggð þá sjá allir skynseminna í því að fara yfir þessi verkefni út frá þeim forsendum sem stefnan gefur. Viðbrögðin eru því almennt jákvæð þótt enn eigi eftir að reyna á það í framkvæmdinni.“

2% árleg aukning útvistunar

Í útvistunarstefnunni eru sett fram ákveðin markmið um þann árangur sem ríkið vill ná. Stefnin er að því að hlutfall útvistaðra verkefna í útgjöldum ríkisins vegna kaupa á vöru og þjónustu eigi að aukast um 2% á ári. Hlutfall samsvarandi þátta sem ríkið hefur sjálft með höndum á að lækka að sama skapi. Stefán Jón segir að árið 2005 hafi OECD reynt að meta hvar aðildarþjóðirnar væru á vegi staddar í útvistun og innkaupum á vöru og þjónustu samanborið við það sem ríkið hafði sjálft með höndum. Í þeirri úttekt hafi Íslendingar verið um miðbik skala þeirra 20 þjóða sem bornar voru saman. Meðal þjóða sem komnar voru lengra í útvistun en Íslendingar voru bæði Norðmenn og Svíar en Bretar tróna efst á listanum „Miðað við þennan samanburð ættum við að eiga góðan möguleika á að auka útvistun og ef við náum þeim markmiðum sem sett eru fram í útvistunarstefnunni mun Ísland komast í hóp þeirra þjóða í Evrópu sem bestum árangri hafa náð í útvistun fyrir árið 2011,“ segir Stefán Jón.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Samtök verslunar og þjónustu hafa bent á að ef útvistun eigi að vera vænlegur kostur fyrir ríkisstofnanir þurfi að endurgreiða þeim virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu. Sé það ekki gert séu minni líkur á að forstöðumenn ríkisstofnana sjái sér hag í að kaupa þjónustuna af þriðja aðila frekar en að láta eigin starfsmenn halda áfram að vinna verkin.

Stefán Jón segir þær ríkisstofnanir sem þiggja framlag á fjárlögum, sem og sveitarfélög, væru ekki virðisaukaskattskyld. Þessar stofnanir leggi þ.a.l.

ekki virðisaukaskatt á útselda þjónustu og fá að sama skapi ekki innskatt vegna hennar. Þessi meginregla eigi þó ekki við um ýmsa skattskylda þjónustu sem er í samkeppni við atvinnufyrirtæki og skilgreind er í lögum um virðisaukaskatt og reglugerðum. Þannig fengist því stór hluti virðisaukaskatts af aðkeyptri þjónustu nú þegar endurgreiddur, þrátt fyrir framangreinda meginreglu.

Hins vegar hafi verið á það bent, af hálfu fyrirtækja og hagsmunasamtaka í atvinnulífinu, að virðisaukaskattur á ýmsa aðkeypta þjónustu, t.d. umsjón mótuneyta, færslu bókhalds og ýmsa rafræna gagnavinnslu og tölvuþjónustu, fái ekki endurgreiddur, m.ö.o. að endurgreiðsluheimildir séu of takmarkaðar. Stefán sagði að í fjármálaráðuneytinu stæði nú yfir vinna við gerð verklagsreglna fyrir ríkið, sem gengju út á að ríkisstofnunum verði gert kleift að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af þjónustu sem keypt væri af tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækjum, enda hefði fjármálaráðherra lýst þessu yfir fyrr á þessu ári. Unnið væri út frá því að sá hluti sem næmi virðisaukaskatti af kaupum ríkisstofnana á tölvuþjónustu verði bættur upp með aukinni fjárheimild til þeirra.

Ákveðið hefði verið að fara þessa leið, þar sem ekki væri heppilegt að gera endurgreiðsluheimildina almenna. Stefán nefndi sem dæmi, að fjármálastofnanir og tryggingafélög væru ekki virðisaukaskattsskyld.

„Það að gera endurgreiðsluheimildina almenna, myndi í raun þýða að ríkissjóður væri að styrkja þessa aðila með því að greiða þeim allan útlagðan virðisaukaskatt,“ sagði Stefán ennfremur.

„Það getur verið skynsamlegt að fá ákveðna reynslu áður en menn taka afstöðu til þess hvort eigi að útvíkka slíka heimild yfir á fleiri þjónustubætti. Það er aftur á móti pólitísk spurning sem ég svara ekki,“ segir Stefán Jón Friðriksson að lokum.

ÖNNUMST ALLA FLUTNINGA

Hraði - Öryggi - Þjónusta

AFGREIÐSLA SAUÐÁRKRÓKI ☎ 455 6600

AFGREIÐSLA BLÖNDUÓSI ☎ 455 6606

AFGREIÐSLA HVAMMSTANGA ☎ 455 2325

Afgreiðslur í Reykjavík og á Akureyri:
Landflutningar/Samskip og Eimskip/Flytjandi

VÖRUMIÐLUN
SAUÐÁRKRÓKI

Eyrarvegi 1 550 Sauðárkrúkur Sími 455 6600



Þetta snið er voða vinsælt í haust

A4 er leiðandi á markaði fyrir skrifstofuvörur, auk þess að bjóða upp á framúrskarandi úrval af skóla-, föndur- og hannyrðavörum. Við leggjum áherslu á góða og trausta þjónustu og vandaðar, fyrsta flokks vörur.

A4 – fyrsta flokks.

Atvinnulífið væntir mikils af nýju námi í þjónustugreinum:

Einstakt tækifæri fyrir þá sem byrja strax

Í haust hófu fjórir framhaldsskólar kennslu í starfstengdu námi í þjónustugreinum en það hefur verið eitt af baráttumálum SVP – Samtaka verslunar og þjónustu að auka námsframboð á þessu sviði. Það er því almenn ánægja í greininni með að undirbúningsstarfið, sem staðið hefur undanfarin ár, sé að byrja að skila árangri.

„Það er ljóst að atvinnulífið væntir mikils af þessari nýju námsbraut því hún mun auka framboð á starfsfólki sem hefur bakgrunn sem hentar fyrirtækjunum,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir, formaður Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina. Hún segir að með náminu sé komin leið til að beina ungu fólki inn í þjónustugreinarnar sem séu þær greinar atvinnulífsins sem vaxi hraðast. Fyrir þá sem ákveða að fara strax í námið bjóðist nú mjög áhugavert tækifæri því þeir muni hafa ótvírætt samkeppnisforskot með því að verða sér úti um þekkingu og færni sem nýtist strax. „Þetta er ekki eingöngu bóklegt og verklegt nám heldur býður það einnig upp á mjög áhugaverðar tengingar milli atvinnulífs og nemenda. Nemendurnir fá þjálfun hjá ákveðnum fyrirtækjum og geta þannig lagt grunn að framtíðar vinnusambandi.“

Námið skiptist í þriggja anna almennt grunnnám þar sem áhersla er lögð á greinar sem tengjast störfum hjá þjónustufyrirtækjum og einnar annar sérhæft nám þar sem nemendur velja á milli verslunar- eða skrifstofubrautar. Auk bóknámsins er 10 vikna starfsnám sem tekið er á völdum vinnustöðum. Fyrstu skólarnir sem bjóða upp á nám í þjónustugreinum eru Borgarholtskóli, Verkmennaskóli Akureyrar, Verkmennaskóli Austurlands og Fjölbrotaskóli Suðurnesja en vonir standa til að síðar muni fleiri skólar bættast í hópinn.

Fræðslan inn í skólakerfið

Það er Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina sem hefur haft veg og vanda að undirbúningi námsins í samstarfi við menntamálaráðuneytið og fleiri aðila. Sigríður Anna

segir að með þessu nýja námsframboði sé komið til móts við þörf sem hafi verið fyrir hendi hjá atvinnulífinu. Hún segir að undanfarin ár hafi mörg fyrirtæki haldið uppi fræðslu sem í grunninn hafi verið svipuð hjá öllum og snúist um undirstöðuatriði í starfi í verslunar- og þjónustufyrirtækja. Með nýja starfsnáminu sé þessi fræðsla að stórum hluti færð inn í skólakerfið um leið og komið er til móts við atvinnulífið sem geti dregið úr fræðslustarfsemi og einbeitt sér að öðrum hlutum.

„Það er eðlilegt að fyrirtækin sjái sjálf um nýliðafræðsluna, en það er hins vegar ljóst að það er ekki hluti af fyrirtækjarekstri að standa í viðamikilli kennslustarfsemi og því er hún betur komin hjá fagfólki á því sviði. Með því að færa námið inn í framhaldsskólana fæst betri nýting á tíma og fjármunum auk þess sem námið verður markvissara og nýtist nem-



Sigríður Anna Guðjónsdóttir, verkefnastjóri hjá SVP í hópi glaðbeittra framhaldsskólanema.

andanum betur,“ segir Sigríður Anna. Hún bendir á að það hafi verið vaxandi krafa um að skólakerfið taki þátt í að mennta fólk inn í verslunar- og þjónustustörf eins og gert er til dæmis með starfsfólki í heilbrigðiskerfinu. Því sé almenn ánægja með að þessum áfanga skuli nú vera náð.

Nám sem er komið til að vera

Sem fyrr segir tekur námið tvö ár og er ætlað þeim sem hafa lokið 10. bekk eða eru búnir með grunnskólan. Sigríður segir ánægjulegt að fjór-

ir skólar, sem dreifast um landið, hafi ákveðið strax í byrjun að taka þátt í þessu verkefni. „Við erum alsæl með undirtektir skólanna og væntum þess að fleiri skólar bættist í hópinn þegar fram líða stundir.“

Mikil vinna liggur að baki námskrá sem gefin hefur verið út og um þessar mundir er verið að skipuleggja starfsnámið en gert er ráð fyrir að það hefjist á annarri eða þriðju önn. Nú þegar hafa 36 nemendur skráð sig í námið og segir Sigríður að forsvarsmenn skólanna búist við að þeim eigi

eftir að fjölga, meðal annars vegna þess að nemendur sem skráðir eru í aðrar brautir eigi eftir að flytja sig yfir á þjónustugreinabrautina á næstu misserum.

„Þótt af hálfu menntamálaráðuneytisins sé lagt upp með þetta sem tilraunaverkefni til tveggja ára erum við bjartsýn á að starfstengt nám í þjónustugreinum sé komið til að vera í framhaldsskólum landsins,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir að lokum.

Góð viðbót við námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu

- segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmennaskólans á Akureyri

„Ég fagna þessari nýju námsbraut og tel nám í þjónustugreinum góða viðbót við námsframboðið hér á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu þar sem þjónustugreinar eru að verða ein helsta atvinnugreinin,“ segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmennaskólans á Akureyri en VMA er einn fjögurra framhaldsskóla sem fyrstir bjóða starfstengt nám í þjónustugreinum. Hjalti Jón segir að það muni taka einhvern tíma fyrir nemendur að gera sér grein fyrir möguleikum sem þetta nýja námsframboð felur í sér og því sé varla að búast við að skráning í það

hefjist af alvöru fyrr en næsta haust.

„Mér finnst það mjög til bóta að auka framboð af viðskiptatengdu námi því viðskiptagreinarnar hafa verið að missa dálítið dampinn í framhaldsskólakerfinu undanfarin ár. Það hafa ótrúlega fáir nemendur sýnt þessum greinum áhuga sem er sérkennilegt í ljósi þess að samfélagið í dag snýst orðið meira og minna um peninga og viðskipti. Málbrautin hefur einnig verið á undanhaldi sem er sömuleiðis sérkennilegt í þessu alþjóðlega umhverfi sem við lifum í um þessar mundir.“



Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmennaskólans á Akureyri fagnar nýrri námsbraut í þjónustugreinum.

Hjalti Jón segir að Verkmennaskólinn hafi á sínum tíma verið með hagfræðibraut til stúdentsprófs en þeirri námsleið hafi því miður verið lokað með nýrri námskrá árið 1999 og þá hafi kennsla í viðskiptagreinum minnkað verulega. Hann segir að hagfræðibrautin hafi verið ein öflugasta bóknámsbrautin við VMA á sínum tíma og frá henni hafi stór hópur afbragðsnemenda lokið námi. „Margir helstu viðskiptajöfrar landsins í dag eru gamlir stúdentar af hagfræðibrautinni hér,“ segir Hjalti Jón og bendir á menn eins og Baldur Guðnason hjá Eimskip og fleiri sem hljóti að vera góðar fyrirmyndir fyrir þá sem eru að

velta fyrir sér viðskiptatengdu námi.

Hjalti Jón bendir á að fulltrúar atvinnulífsins hafa kvartað sáran undan því að það vanti fólk sem hafi að baki viðskipta- eða þjónustutengt nám. Hann segir að skólarnir þurfi að fylgjast vel með og bregðast við slíkum óskum. „Ég er ekki í vafa um að þessi nýja námsleið er mjög góð byrjun og vonandi eigum við eftir að sjá viðskiptatengt nám blómstra að nýju. Alla vega vorum við hjá VMA ekki lengi að stökkva á vagninn þegar farið var að ræða um að bjóða þetta nám,“ segir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmennaskólans á Akureyri að lokum.

HVAÐ GERIR ÞÚ VIÐ ÚRELD SKJÖL OG TRÚNAÐARGÖGN?

1. Setur í geymslu með gömlu dóti?
2. Hendir þeim í ruslið?
3. Fargar þeim á hagkvæman og vistlegan hátt?

Óflugur búnaður sem þú getur treyst!

Snjallt að hafa við ljósrítunarvélina



TAROS 60.20

- Þægileg vinnuhæð
- Innibýgður skjalahaldari
- Breidd ops: 40,5cm
- Hæð: 102cm
- Geymslurými: 130 lítrar
- Tekur pappirklemmur, geisladiska, og plastkort



Láttu ekki aðra komast í pappírana þína!

Við erum reynsluboltar þegar kemur að vali á pappirstæturum. Leitaðu ráðgjáfar hjá okkur um tættara sem myndi henta þínu fyrirtæki.

Við seljum hina viðurkennda TAROS pappristætara

Otto B. Arnar ehf.

Skipholti 17 - 105 Reykjavík
Sími 588 - 4699
Fax 588 - 4696
www.oba.is

Við þurfum örlítinn sveigjanleika

– segir Magnús Svavarsson hjá Vörumiðlun um aksturs- og hvíldartímareglur

Mikil óánægja er meðal vöruflutningamanna vegna reglna um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem þrengja mjög að greininni og eru að þeirra mati jafnvel til þess fallnar að draga úr öryggi, sérstaklega yfir vetrarmánuðina þegar veður og færð taka að spillast. Gagnrýnt er að íslensk stjórnvöld hafi ekki beitt sér gagnvart Evrópusambandinu til að rýmka reglurnar og að fá þannig sérstöðu Íslands viðurkennda. Reglurnar hafa verið í gildi um nokkurra ára skeið en frá og með síðustu áramótum var farið að beita ströngum viðurlögum sem geta haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir ökumenn.

Þarf að aðlaga að íslenskum aðstæðum

„Við erum sammála um að það er sjálfsagt að setja reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Það eina sem við förum fram á er að reglurnar verði rýmkaðar örlítið þannig að þær henti betur þeim aðstæðum sem eru hér á landi, en þær eru talsvert frábrugðnar því sem er á meginlandi Evrópu þar sem reglurnar voru samdar,“ segir Magnús Svavarsson, framkvæmdastjóri Vörumiðlunar á Sauðárkróki.

Magnús segir að meginkrafa íslenskra vöruflutjenda sé sú að ákvæðið um hámarks akstur tíma á dag og lengd aksturslotu fram að hvíld verði rýmkuð um eina klukkustund. Að hámarksakstur tími á dag geti orðið allt að í 10 klukkustundir í stað 9 og

að ekki þurfi að gera langt hlé á akstri fyrir en eftir 5 tíma í stað fjögurra. Hann segir að sérstaklega á lengri leiðum, eins og frá Reykjavík til Egilsstaða, sé það á mörkunum að menn nái í áfangastað í einni lotu miðað við núgildandi reglur. Hættan sé sú að þegar færð versni á veturna freistist menn til þess að halda uppi meiri hraða en aðstæður leyfa til þess að ná í áfangastað áður en tíminn rennur út. Eða þá að menn sleppa því að stoppa og setja keðjur undir af sömu ástæðu.

Vegagerðin neitar undanþágu

Magnús bendir einnig á að ákvæði um 45 mínútna hvíld eftir fjögurra klukkustunda akstur geti verið mjög bagalegt. Hann nefnir sem dæmi að oft er boðið upp á næturferðir með farþega sem eru á leið frá Akureyri í flug í Keflavík. „Á þessum tíma er hvergi opið og því vilja menn geta ekið í einum áfanga alla leið. Eins og hvíldartímaákvæðin eru í dag komast menn hins vegar ekki lengra en að Hvalfjardargöngum og þá eigum við samkvæmt reglunum að stoppa og bíða í 45 mínútur. Það sama á við flutningabílstjóra sem eru mikið á ferðinni að næurlagi þegar allt er lokað. Það hefur verið sótt un undanþágu frá Vegagerðinni til þess að fá að ljúka ferðinni en því hefur alltaf verið hafnað.“

Hann bendir á að aksturs- og hvíldartímaákvæðin miði við aðstæður í Evrópu þar sem mikið er



Magnús segir að vegna þröngra tímamarka sé hættu á að menn freistist til að halda uppi meiri hraða en aðstæður leyfa til að ná í áfangastað áður en tíminn rennur út.

um flutninga á milli landa og langan akstur á hraðbrautum þar sem ekki er hægt að stoppa á löngum köflum. Hér á landi sé því hins vegar ekki til að dreifa. „Úti í Evrópu, þar sem menn fara hvað strangast eftir þessum ákvæðum, er búið að gera ákveðnar ráðstafanir og skapa hvíldarstöðu þar sem menn geta lagt bílum við veginna, sofði, farið á salerni og fengið sér morgunmat daginn eftir. Hérna eru það bara Borgarnes og Staðarskáli sem geta boðið upp eitthvað í þessum dúr,“ segir Magnús.

Gert upp á milli atvinnugreina

Að sögn Magnúsar eru menn ekki sáttir við hvernig gert er upp á milli atvinnugreina í reglunum en þær beinast eingöngu að vöru- og fólksflutningabílum sem eru með ökurita, en nái ekki til sendibílstjóra eða leigubílstjóra. Að hans mati ættu slíkar reglur að gilda um alla atvinnubílstjóra. Hann bendir á að í reglunum séu margvíslegar skordur settar við vinnu flutningabílstjóra sem skerði tekjumöguleika þeirra talsvert. Meðal annars geti þeir ekki drýgt tekjurnar

ar með helgarvinnu með sama hætti og áður því nú þurfi þeir að stoppa í 48 tíma aðra hvora helgi svo dæmi sé tekið.

Magnús bendir að það sé mjög mikið í húfi fyrir bílstjórana, því sektirnar eru háar og viðurlögin í formi punkta og hugsanlegra ökuleyfisviptingar ef um nokkur brot er að ræða, geti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þá.

Skorti á bílstjórum mætt með innfluttu vinnuafli

„Við höfum þegar fundið fyrir því að það er erfiðara að fá bílstjóra í vinnu en áður og var ástandið þó ekki gott fyrir. Til að geta unnið skv. reglunum þurfum við fleiri bílstjóra á sama tíma og það er skortur á mönnum með meirapróf. Það er óhjákvæmilegt að sá viðbótarkostnaður sem þessu fylgir mun fara út í verðlagið og hækka flutningskostnað.“ Magnús segir að flutningafyrirtækin séu þess vegna í auknum mæli farin að ráða erlenda starfsmenn með réttindi af Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig séu þeir hjá Vörumiðlun til dæmis með tvo Pólverja sem hafi reynslu af akstri vöruflutningabíla í Evrópu. „Við vitum að þessar reglur eru komnar til að vera og í grundvallaratriðum erum við sammála um að það er þörf fyrir þær. Það sem við biðjum hins vegar um er að það verði gefin smá sveigjanleiki. Við erum ekki að biðja um mikið, bara pínulítið,“ segir Magnús Svavarsson að lokum.

Þú hugar að öðru

á meðan við sinnum þínum flutningaþörfum

IceTransport fyrirtæki á traustum grunni

Reynslumikið starfsfólk leggur sig fram af heilum huga við að veita viðskiptavinum fyrirtækisins persónulega þjónustu á samkeppnishæfu verði.

Hraðsendingar

IceTransport hefur á að skipa þekktum merkjum í flutningaþjónustu. Þar má nefna FedEx, stærsta hraðflutningafyrirtæki heims. Fyrir tilstuðlan þessa öflugra samstarfsaðila getur fyrirtækið boðið hraðflutning til helstu viðskiptalanda Íslandinga.

Flugfrakt

IceTransport hefur í samstarfi við erlenda aðila byggt upp öflugt flutninga- og þjónustunet í flugfrakt um allan heim. IceTransport hefur meðal annars umboð fyrir svissneska flutningafyrirtækið Panalpina. Fyrirtæki hefur sérhæft sig í flugfrakt einkum á milli heimsálfa. Það starfrækir um 500 deildir í yfir 80 löndum.


Sjófrakt

IceTransport er í samstarfi við sjóflutningamiðlarann Ziegler, sem býður fram öflugt flutninga- og þjónustunet um allan heim. IceTransport annast einnig umþökkun og alla almenna umsýslu við sjóflutning, hvort sem varningurinn er sendur í heilgámum (FCL) eða sem lausavara (LCL).

Öll þjónusta

IceTransport veitir alla þjónustu sem tilheyrir vöruflutningi milli landa. Við sækjum vörur og komum þeim á réttan stað á réttum tíma, ásamt því að annast útfyllingu tollskjala og aðra umsýslu. Við finnum út bestu flutningsleiðina í samvinnu við umboðsaðila, sem staðsettir eru víðsvegar um heiminn.

Þér er velkomið að hafa samband við okkur hvort sem þú leitar ráða eða þarft svör við þeim spurningum sem þú hefur varðandi flutninginn.



IceTransport



Útflutningur



Vöruhús



Sjófrakt



Flugfrakt



Innflutningur



Tollskýrslugerð



Akstursþjónusta



Hraðsendingar

Sífelld erfiðara að útvega fólk í verslunar- og þjónustustörf

-segir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs

„Mér sýnist það verða erfiðara með hverju árinu að útvega starfsfólk til verslunar- og þjónustustarfa. Þar ræður mestu of langur vinnutími og svo minnkandi áhugi fyrir störfum í þessu umhverfi,“ segir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs. Katrín segir að á sama tíma og aukin áhersla hafi verið lögð á háskólamenntun hafi minni áhersla verið lögð á að mennta fólk til almennra verslunar- og þjónustustarfa.

Þetta hafi leitt til þess að störf í verslun og þjónustu, sem voru eftirsótt fyrir um 20 árum, séu það ekki lengur. Með tilkomu stóru verslunarmiðstöðvanna jókst opnunartíminn og afgreiðslutíminn lengdist að sama skapi og vegna aukinnar samkeppni fylgdu aðrar verslanir í kjölfarið. Vegna hins langa opnunartíma sé oft erfitt að fá fólk til þessara starfa, þrátt fyrir að fyrirtækin reyni að koma til móts við starfsfólk um sveigjanleika í vinnutíma. Þá segir hún erfiðast að fá fólk til að vinna seinni hluta dagsins. Katrín telur of langan opnunartíma hér á landi ákveðið umhugsunarefni



Æskudýrkunin sem hefur verið alls ráðandi undanfarið kann að vera á undanhaldi vegna skorts á vinnuafli, segir Katrín Óladóttir hjá Hagvangi.

fyrir verslunareigendur og reyndar samfélagið allt. „Þurfum við virkilega þennan langa opnunartíma? Af hverju eiga þessar stóru verslunarmið-

stöðvar eins og Smáralind og Kringlan að vera afþreyingamiðstöðvar fyrir fjölskyldurnar á Íslandi um helgar? Víðast á Norðurlöndunum og í Evr-

ópu er sunnudagurinn frídagur en við virðumst horfa meira til Ameríku í þessum efnum.“

Minni áhersla á fagmennsku

Katrín telur einnig að minni áhersla sé lögð á fagmennsku í stórum sér, vöruverslunum en áður var. Með stækkandi verslunareiningum og meiri sjálfsafgreiðslu beri minna á fagþekkingu starfsmanna, þeir séu færri og vegna tímaleysis sé erfiðara að þjóna hverjum viðskiptavini vel. Þá þyki launin heldur ekki hvetjandi í þessu erfiða umhverfi. Að sögn Katrínar ber nú meira á yngri fólk og jafnvel erlendu fólk í afgreiðslu sem þurfi góða þjálfun frá byrjun. „Það er mun fátíðara en áður að maður komi inn í stórverslun og hitti fyrir fólk sem hefur virkilegan áhuga á því að selja þér vörurnar sem eru á bodstólum. Mér finnst stundum skorta fágun, kurteisi og sölumennsku eins og maður man eftir á árum áður. Þá lagði starfsfólk metnað sinn í að geta svarað spurningum viðskiptavina og naut þess að selja. Það virðist vera ákveðið metnaðarleysi í þessu umhverfi í dag sem að sjálfsögðu má fyrst og fremst rekja til erfiðrar stöðu sem þessi fyrirtæki eru í vegna tilfinnlegs skorts á starfsfólki.“

Ungt fólk með miklar kröfur

Katrín segir áberandi að ungt fólk sem kemur inn á vinnuaflið með formlega skólamenntun sé mun kröfuharðara en fólk var í sömu stöðu fyrir nokkrum árum. Í dag séu menn ekki feimnir við að fara fram á góð laun strax í upphafi og meiri töf- aragangur og hjartasýnisviðhorf eru ríkjandi. „Kynslóðin sem er að koma inn á markaðinn í dag er alin upp við alnægtir og þekkir ekki að menn þurfi að byrja á því að standa sig vel í starfi og síðan sé hægt að fara að gera kröfur. Þegar þau byrja að vinna átta þau sig hins vegar á að þau kunna ekki allt og þurfa að fá sína leiðsögn.“

Engin merki um samdrátt

Katrín segir að miðað við fjölda starfa sem Hagvangur vinnur að því að útvega sé ekki að sjá að þenslan hafi náð hámarki og að samdráttur sé framundan. Þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir starfsfólki megi þó enn sjá að eldra fólk á erfiðara með að fá vinnu. „Líklega hefur hraðinn í þjóðfélaginu sitt að segja en við megum

ekki gleyma því að það er oft gott að blanda saman reynslu og þekkingu þeirra eldri og framkvæmdasemi þeirra yngri. Æskudýrkunin hefur verið alls ráðandi en hún kann hins vegar að vera á undanhaldi, ekki síst vegna skorts á vinnuafli.“ Katrín segir dæmi um að fyrirtæki auglýsi eftir fólk sem komið er á eftirlaun og sem geti hugsað sér að koma aftur út á vinnuaflið. Þá sé vinnutíminn oftast samkomulag. Nýlega samþykkt lagabreyting sem dregur úr skerðingu slíkra tekna á ellilífeyri, er að sögn Katrínar ekki enn farin að hafa merkjanleg áhrif og telur hún að fólk sé ekki almennt meðvitað um þennan möguleika.

Samdrátturinn fyrst í byggingariðnaði

Katrín segir að komi til samdráttar á vinnuafli megi búast við að hans verði fyrst vart í byggingariðnaðinum. „Það hefur verið talsverð eftirspurn eftir tæknimennuðu fólk, s.s. verk- og tæknifræðingum svo það er miklu frekar ástæða til að hafa áhyggjur af ófaglærðu fólk í byggingariðnaðinum, því yfirleitt byrjar samdrátturinn þar og færast síðan fyrir í þjónustuna.“ Katrín segir enn mikil tækifæri á íslenska vinnuafli og þar skorti fólk í fjölmörg störf. „Í dag vantar okkur til dæmis iðnlærða starfsmenn en eins og alþjóð veit eru miklir tekjumöguleikar þar. Þrátt fyrir það eru ekki margir að læra iðngreinar. Þá eru ótalin störf í upplýsingatækninni svo eitthvað sé nefnt. Sem betur fer er mikil umræða um menntamálin og vilji til að styrkja stöðu verslunar- og þjónustunnar með því að bjóða upp á styttra og hagnýtara nám til að laða að öflugt starfsfólk. Íslenskt athafnalíf þarf svo sannarlega á því að halda að hafa vel menntað og upplýst starfsfólk á sem flestum sviðum,“ segir Katrín S. Óladóttir hjá Hagvangi að lokum.

Dýrara verslunarhúsnæði

Á árunum 2000 til 2006 lætur nærri að að fermetraverð verslunarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hafi tvöfaldað úr 81 þús. kr. fermetrinn árið 2000 í 157 þús. kr. fermetrinn árið 2006. Á landsbyggðinni hækkaði verð á verslunarhúsnæði hins vegar að jafnaði úr 46 þúsund krónum fermetrinn árið 2000 í 85 þúsund krónur árið 2006, eða um 85%. Þetta er meðal þess sem fram kemur í Árbók verslunarinnar 2007.

Ný vefsíða SVP

Ný vefsíða SVP sem unnið hefur verið að undanfarið verður opnuð næst komandi fimmtudag 18. október. Það kemur í hlut Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra að opna síðuna á fundi sem hann mun eiga á skrifstofu SVP með stjórnun SVP og Rannsóknaseturs verslunarinnar og fleiri aðilum. Það er almanna- tengslafyrirtækið Athygli sem hefur séð um uppsetningu og útlit nýju vefsíðunnar.

Allt fyrir
VÖRUHÚSIÐ

Brettahillur
MECALUX

Prönggangalyftarar
CROWN

Wave 50 handliangarinn
CROWN

Rafmagnslyftarar
CROWN

Raftryllur
CROWN

Stafllarar
CROWN

Hjólatriillar henta vel í útkeyrslubílinn
CROWN

Læstir skápar fyrir fatnað og persónulega muni
MECALUX

Hillukerfi og skápar fyrir smávörulagerinn
MECALUX

Hurðir, veðurhlifar og vörubryggur
COMBURSA

Logmat lagerturnar
LOGIMAT

Áratuga reynsla og þekking við skipulagningu vöruhúsa

STRAUMUR HRADBERG

Gjótuhrauni 1 - 220 Hafnarfirði - Sími 544 5330
Fax 544 5355 - straumur@straumur.is

www.straumur.is

Margir vörubílstjórar eru einyrkjar í rekstri:

Markaðurinn sveiflast til og frá

„Þegar kemur að útboðum á vegum hins opinbera er mikilvægt að reglurnar séu skýrar og gegnsæjar og allir hafi sömu tækifæri. Baráttan fyrir þessu er í raun endalaus og sem betur fer hefur þokast nokkuð áleiðis á undanförunum árum,“ segir Helgi Sigurðsson, vörubílstjóri og verktaki í Súluholti í Flóa. Um þessar mundir eru liðin 36 ár síðan hann hóf bílaútgærd, það er skólaakstur í lágsvaitum Árnassýslu. Fáum árum síðar byrjaði hann með vörubíl og vinnuvélaútgærd kom svo í kjölfarið.

Á síðustu árum hefur mikil uppbygging átt sér stað á Árborgarsvæðinu, rétt eins og á öllu áhrifasvæði höfuðborgarinnar. Umsvifin eru eðlilega mest á stærstu þéttbýlisstöðunum en verða æ meiri í sveitunum þar sem starfsvettvangur Helga hefur einkum og helst verið.

Kallar á umsvif

„Hér í lágsvaitunum Flóans hafa orðið miklar búsetubreytingar síðustu ár. Á mörgum jörðum hefur hefðbundnum búskap verið hætt og í staðinn hefur til dæmis komið hrossarékt eða einhver sambærileg starfsemi. Margir hafa einnig verið að kaupa jarðarparta, vilja hafa rúmt í kringum sig og vera með eitthvað skepnuhald. Allt þetta kallar á umsvif og oft er byrjað á því að fá verktaka eins og mig til að undirbúa jarðveginn í orðsins fyllstu merkingu; taka grunna, leggja heimreið og svo framvegis. Svo er ég oft fenginn þegar framkvæmdum lýkur til að annast frágang,“ segir Helgi sem er innan vébanda Vörubílstjórafélagsins Mjölnis í Árnassýslu. Starfsemi þess hefur á undanförunum árum, að sögn Helga, þróast frá því að vera hefðbundin vörubílastöð í regnhlífasmátök eða samstarfsvettvangur sjálfstætt starfandi verktaka sem undir merkjum Mjölnis bjóða í og taka að sér framkvæmdir, til dæmis á vegum Vegagerðarinnar.

Veltan er sveiflukennd

„Ég hef bæði sjálfur og með Mjölnis mönnum, oft boðið í verkefni sem hæfa mínum rekstri,“ segir Helgi Sigurðsson. „Menningin í kringum útboðin hefur þroskast á undanförunum árum en betur má ef duga skal. Það er mikilvægt að öll verkefni, sem unnin eru á vegum Vegagerðarinnar og eins sveitarfélaganna, séu auglýst og reglurnar sanngjarnar. Mér finnst til dæmis ótækt að miðað sé við að velta í rekstri skuli vera tiltekin krónutala svo menn eigi kost á því að skila inn tilboðum í verkefni sem fara yfir vissa stærð. Mér finnst nærtækara að miða við árangur og orðspor; hafi menn lengi starfað farsælega og getið sér gott orð á að horfa til þess en ekki veltunnar sem getur verið mjög sveiflukennd frá einum tíma til annars. Þá verða verkkaupar einnig að horfa til þess að lægstu tilboðin í einstök verkefni eru ekki endilega þau hagstæðustu sé horft til gæða og annara slíkra þátta. Á undanförunum hefur nokkuð borið á því að séu öll tilboð í einstök verk yfir kostnaðaráætlun sé þeim hafnað. Á heilbrigðum útboðsmarkaði tel ég slíkt ekki vera eðlilegt. Markaðurinn á jafnan að endurspegla framboð og eftirspurn og kostnaðaráætlanir eiga að miðast við stöðuna hverju sinni. Að hafna tilboðum ef þau fara yfir áætlunir er einstefna niður á við; mark-

aðurinn sveiflast til og frá og verður að leiðrétta sig eftir niðursveiflur og í samræmi við það sem allir þekkja. Á stundum koma líka ýmsar íþyngjandi skattaadgerðir sem verktakar þurfa að velta út í verðlagið og það er ósanngjarn af hálfu verkkaupa að reikna þær algjörlega á núlli. Hér er því að mörgum atriðum að hyggja og hagsmunamálin eru mörg.“



Vörubílstjórinn. „Oft er byrjað á því að fá verktaka eins og mig til að undirbúa jarðveginn í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Helgi Sigurðsson vörubílstjóri.

VIÐ GREIÐUM ÞÍNA LEIÐ... DAGLEGA

KORTA ÞJÓNUSTAN

Dagleg kortauppgjör!

...á miklu betri kjörum

Kortapjónustan býður verslunar- og þjónustuaðilum betri kjör í kortaviðskiptum. Um er að ræða dagleg uppgjör á kreditkortafærslum til söluaðila, sem geta þar með losað um talsvert fjármagn og nýtt það til að efla reksturinn. Kortapjónustan er í samstarfi við PBS, sem eru Visa og MasterCard í Danmörku.

Kortapjónustan býður einnig upp á öruggar Netgreiðslur sem viðskiptavinir geta notfært sér til að taka við öruggum greiðslum korthafa á netinu. Netgreiðslurnar eru PCI* vottaðar og er Kortapjónustan fyrsta íslenska fyrirtækið sem fær þá öryggisvottun.



Allar nánari upplýsingar um Kortapjónustuna má finna á vefnum okkar: www.korta.is



*PCI er öryggisstaðall alþjóðlegu kortafyrirtækjanna Visa International og MasterCard International. Kortapjónustan fékk PCI vottun í lok ársins 2005 og var þar með fyrsta íslenska fyrirtækið til að fá þessa vottun.



Eins og að búa í málverki

- segir Ágúst Einarsson, nýráðinn rektor Háskólans á Bifröst

Háskólinn á Bifröst hefur verið í ör- um vexti undanfarnin ár og nú stunda yfir 1000 nemendur nám við skólann. Ágúst Einarsson, nýráðinn rektor, telur að skólinn hafi allar forsendur til að halda áfram að stækka. Um 700 manns búa á staðnum sem í raun er eina stóra háskólaþorpíð á Íslandi. „Þetta er lifandi og skemmtilegt samfélag og hér er gott að vera. Ekki spillir einstök náttúrufrægurð því dvölin hér er eins og að búa í málverki.“ Ágúst bendir á að 700 manna samfélag teljist stórt á íslenskan mælikvarða og hann telur háskólaþorpíð á Bifröst hafa góða möguleika á að stækka enn frekar enda sé mikið byggt í Borgarfirði og byggðin þenjst út. Þá muni áframhaldandi samgöngubætur eins og tvöföldun Hvalfjarðarganga og vegarins upp í Bifröst færa svæðið enn nær höfuðborginni. „Ég hef sagt að innan fárra ára verður Borgarfjörður orðinn eitt finasta úthverfi höfuðborgarinnar.“

Heilsteypasta verslunarnámið

Ágúst telur að á Bifröst sé að finna heilsteypasta verslunarnámið sem í boði er við íslenska háskóla í dag. „Við erum með tvenns konar nám sem spannar nánast allt sviðið. Annars vegar diplómanám í verslunarstjórnun sem unnið er í samstarfi við atvinnulífið en þar menntum við tilvonandi verslunarstjóra. Þessi námsleið hefur verið mjög vinsæl og hún veitir réttindi til áframhaldandi náms. Hins vegar er í viðskiptadeild skólans boðið upp á hefðbundið BS nám í viðskiptafræði og MS nám í alþjóðastjórnun og bankarestri.“ Hann segir að skólinn hafi á liðnum árum lagt mikla áherslu á verslunarnámið og muni gera það áfram. Þannig sé til dæmis verið að taka upp samstarf við Sterling háskólann í Skotlandi sem er mjög framarlega í þessu sviði. „Ég tel að Háskólinn á Bifröst hafi allar forsendur til þess að gera verslunargreinunum enn hærra undir höfði en gert hefur verið til þessa.“

Mestur vöxtur í skóverslun

Verslunin hefur notið góðs af þeim mikla hagvexti sem orðið hefur. Að meðaltali hefur velta í smásöluverslun aukist um liðlega 7% á hverju ári frá 2001 en árið 2006 varð veltuaukningin næstum 11% frá árinu á undan og var heildarvelta smásöluverslunar það ár 247,3 milljarðar króna.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýútkominni Árbók verslunarinnar 2007. Þar kemur einnig fram að stærstur hluti smásöluverslunar árið 2006 var í dagvöruverslunum eða 42% af heildarvöruverslunum. Næst á eftir kemur byggingavöruverslun með 18% af heildar smásöluverslunum og í þriðja sæti er sala áfengis með rúmlega 7%.

Af einstökum tegundum smásöluverslunar var mestur vöxtur í skóverslun en frá árinu 2001 til 2007 jókst sala á skófatnaði hér á landi um tæp 150% en á sama tíma jókst sala á byggingavörum um 135%.

Öflug rannsóknastarfsemi

Auk samstarfsins um diplómanámið hefur Háskólinn á Bifröst átt samstarf við Samtök verslunar og þjónustu og fleiri aðila um rekstur Rannsóknaseturs verslunarinnar en það er meðal nokkurra rannsóknasetra sem vistuð eru á Bifröst. Önnur setur á Bifröst eru rannsóknasetur um vinnurétt og menningarmál, Evrópufræðasetur og rannsóknasetur í jafnréttismálum. Þá er rekin rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst þar sem nokkrir fræðimenn starfa að rannsóknum fyrir vísindasamfélagið og aðra þá sem þurfa á þjónustu þeirra að halda. Allt eru þetta rannsóknæiningar sem Ágúst segir að hafi gengið vel og endurspeglí þá öflugu rannsóknastarfsemi sem fram fer í skólanum.

Sterk tengsl við atvinnulífið

Háskólinn á Bifröst, sem verður 90 ára á næsta ári, hefur alltaf haft sterk tengsl við atvinnulífið. Á árum áður var samvinnuhreyfingin helsti bak-hjarl skólans en í dag eru það Samtök atvinnulífsins. Samtökin tilnefna 2 af fimm stjórnarmönnum, en aðrir eru fulltrúar menntamálaráðherra og hollvina skólans og sá fimmti er kosinn af Háskólaráði. „Það var markmið þeirra sem í upphafi ruddu þessum skóla braut, manna eins og Jónasar frá Hriflu og fleiri, að hann ætti að mennta forystufólk fyrir atvinnulíf og íslenskt samfélag. Í mínum huga er þetta ennþá hlutverk skólans. Til að við getum sinnt þessu hlutverki þarf að vera gott samkomulag og samstarf við fyrirtækin í landinu og það höfum við. Tengslin við atvinnulífið eru því mjög sterk,“ segir Ágúst.

Útvistun er nútímaleg leið í rekstri

Það vakti talsverða athygli þegar sú ákvörðun var tekin hjá háskólanum á Bifröst að útvista allar húseignir skólans. Í framhaldinu voru eignirnar seldar fasteignafélaginu Nýsi en þær síðan leigðar tilbaka. Samkvæmt samningnum við Nýsi hefur háskólinn rétt á að kaupa eignirnar aftur á fimm ára fresti. Ágúst segir að með þessu hafi skólinn losað fjármagn sem geri honum kleift að stokka upp fjárhagsstöðuna og áhvílandi lán. „Núna getum við einbeitt okkur að því sem við gerum best sem er að reka skóla, kenna og rannsaka en eftirlátum samstarfsaðilanum að reka fasteignirnar. Þetta er hagkvæm verkaskipting og nútímaleg aðferð í eignarhaldi á fasteignum sem fyrirtæki og skólar velja að nýta í vaxandi mæli. Ég er mjög ánægður með að við skulum vera frumkvöðlar í að fara með allar okkar fasteignir inn í þetta nýja fyrirkomulag. Það hefur enginn háskóli á Íslandi gert það til þessa.“



„Ég tel að Háskólinn á Bifröst hafi allar forsendur til þess að gera verslunargreinunum enn hærra undir höfði en gert hefur verið til þessa,“ segir Ágúst.



„Við erum með tvenns konar nám sem spannar nánast allt sviðið. Annars vegar diplómanám í verslunarstjórnun sem unnið er í samstarfi við atvinnulífið.“

Skekkt samkeppnisstaða

Ágúst segir áhuga á að nýta útvistun í meira mæli, til dæmis í tengslum við þjónustu sem skólinn sér sjálfur um að veita í dag. Það sé hins vegar vandkvæðum bundið vegna þess að samkeppnisstaðan sé skekkt af opinberri hálfu. „Opinber fyrirtæki og ríkisskólar þar á meðal ríkisháskólar fá endurgreiddan virðisaukaskatt af hluta þeirrar þjónustu sem þeir kaupa af þriðja aðila en það fáum við ekki. Þetta á til dæmis við um ræstingar, sem ríkisskólar fái endurgreiddan skatt af en við ekki, sem þýðir að ef við förum þessa leið þá erum við að borga 24,5% meira fyrir slíka þjónustu en ríkisháskólarnir. Það er brýnt að lagfæra þetta því útvistun á ýmskonar þjónustu við skólana er skynsamleg leið. Það er vænlegra að láta fagaðila sjá um það heldur en að vera sjálfur að halda uppi starfsemi sem er betur komin hjá öðrum,“ segir Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst að lokum.



„Ég hef sagt að innan fárra ára verður Borgarfjörður orðinn eitt finasta úthverfi höfuðborgarinnar.“

POSIFLEX
VERSLUNARKERFI

Er verslunarkerfið þitt tilbúið fyrir komandi jólaverslun?

Ef ekki þá þarftu að bregðast við núna!

Posiflex JIVA-8015

kr. 249.900,- m/VSK

Tölva með 15" snertiskjá, kortalesari, varaafgjafi, kúnnaskjár, skúffa, öflugur prentari og Microsoft hugbúnaður

Posiflex JIVA-8015

Tæknilegar upplýsingar:

Örgjörvi: Celeron 2.0 GHz

Minni: 256 MB DDR 266 -> í 2 GB

Snertiskjár: 15" TFT, 1024 x 768

Diskur: Innbyggður 3,5" 40 GB harður diskur

UPS: Innbyggður varaafgjafi

Tengi: hljóðtengi, 1 VGA, 4 serial, 1 parallell, 1 CR, 6 USB, PS/2 mýsa- og lyklaborðstengi, 10/100 MHz ethernetstengi

Stýrikerfi: Microsoft Win 2000/XP Pro/WEPOS

Vantar þig viðskiptahugbúnað?

Við bjóðum viðskiptavinum okkar lausnir í viðskiptahugbúnaði. Sem dæmi má nefna MerkúrPOS verslunarhugbúnaðinn sem hentar afar vel fyrir veitingahús, sérvöruverslanir, heildsölur, verslunarkeðjur, hárgreiðslu- og snyrtistofur, skyndibitastaði og söluturna svo dæmi séu tekin. MerkúrPOS hugbúnaðurinn kostar aðeins kr. 94.900,- með Posiflex verslunarkerfinu!

MerkúrPOS
hugbúnaður: **kr. 94.900,-** m/VSK

Líttu við á Grensásvegi 11
eða hafðu samband og fáðu
nánari upplýsingar!
fyrirspurn@digital.is

Posiflex JIVA-8015



Sá gamli uppí á
10.000,- krónur
Í október tökum við gamla
verslunarkerfið eða gömlu
sjóðsvélina sem greiðslu upp
í nýtt Posiflex kerfi!

Posiflex verslunarkerfin hafa svo sannarlega slegið í gegn hér á landi á undanförunum misserum enda ákaflega traustur búnaður og verðið er hrein snilld!

Margvíslegir aukahlutir eru fáanlegir með Posiflex verslunarkerfunum s.s. skannar af ýmsum gerðum, kúnnaskjái, mismunandi skúffur og svo mætti lengi telja.

Ef þú ert að leita að vönduðum búnaði og traustum þjónustuaðila þá velur þú Posiflex verslunarkerfi frá Digital Task.

digital
TASK
Betri þjónusta!

Grensásvegi 11 | 105 Reykjavík
Sími: 550 4000 | Netfang: digital@digital.is

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra vill afnema vörugjöld og taka upp flatan skatt í velferðarríkinu:

Neytenda- ráðuneyti að norrænni fyrirmynd

„Verslun og þjónusta eru undirstaða sérhvers samfélags. Því skiptir miklu að vel sé að málum staðið að þessu leyti, meðal annars með tilliti til byggðapróunar. Selfoss er gott dæmi um þetta. Byggðin þar hefur sprungið út fordæmalaust á undanförunum árum, af því þar eru góðar verslanir sem eru mikið sóttar af þeim mikla fjölda fólks sem dvelst í sumarhúsum á Suðurlandi. Sumarhúsa byggðir eru auðlind verslunar og þjónustu fyrir austan fjall,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Þegar ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók við völdum sl. vor var sú breyting gerð að viðskiptamál færðust aftur í sjálfstætt ráðuneyti, eftir að hafa í nokkur ár vistað iðnaðarráðuneytið einnig. Björgvin G. Sigurðsson, sem tók við viðskiptaráðuneytinu segir þessa breytingu hafa verið mjög eðlilega og í raun sjálfsagt mál. Verslun, þjónusta og þó einkum og sér í lagi fjármálastarfsemi hverskonar séu atvinnugreinar í miklum vexti og skipan Stjórnarráðsins verði að taka mið af því. Með sjálfstæðu viðskiptaráðuneyti sé sömuleiðis ætlinin að gera neytendamálum hærra undir höfði en verið hefur til þessa. Í raun sé verið að setja á laggirnar nýtt neytendaráðuneyti að norrænni fyrirmynd.

Krónan verndar fyrirtækin

„Við Íslendingar erum langt á eftir norrænu þjóðunum hvað varðar neytendavernd,“ segir Björgvin. „Á næstunni stendur til að kynna neytendastefnu sem nær til alls stjórnerkisins og nánari útfærsla þeirrar stefnumörkunar verður kynnt fljótlega. Í almennri endurskoðun á allri neytendalöggjöfinni verður horft til dagvöruverslunar, fjarskipta, fjármálaþjónustunnar og raunar margra fleiri þátta. Þetta ætti að styrkja stöðu neytenda til muna og sömuleiðis þeirra sem þjónustu veita, það er mikilvægt að verslun og viðskiptum sé mörkuð skýr og sann-

gjörn lagaumgjörð. Ég ætla ekkert að alhæfa um að fyrirtæki hafi með sér samráð eða misbeiti markaðsráðandi stöðu. Hins vegar er nauðsynlegt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana þegar minnsti grunur um slíkt vaknar og það hefur Samkeppnisstofnun oft gert á undanförunum misserum. Hvað varðar samkeppni erlendis frá þá er hins vegar ósennilegt að erlendir bankar, tryggingafélög og fleiri slík fyrirtæki hasli sér völl hér á meðan íslenska krónan er okkar sjálfstæði gjaldmiðill. Í hinum landamæralausu viðskiptum verndar krónan íslensku fyrirtækin að þessu leyti. Það myndi því efla alla samkeppni hér á landi til muna, værum við aðilar að stærri mynt.“

Matvælaöryggið vanmetið

Fyrir alþingiskosningar lýsti Samfylkingin, einn flokka, því yfir, að næstu skref til lækkunar matvælaaverðs yrðu stigin með því að brjóta innflutningsmúrana, sem svo eru nefndir. Tillögur þessar voru umdeildar, svo sem meðal bænda og þegar fyrstu drög þeirra voru kynnt sagði Björgvin að farið væri of bratt í málið.

„Þegar við kynntum fyrstu hugmyndir okkar í þessum efnunum, snemma árs 2006, voru gerð ákveðin útfærslumistök sem voru síðan leiðrétt í þingmáli. Nú höfum við stillt kúrsinn af. Sjálfur tel ég að breyta eigi landbúnaðarkerfinu, en þá í samvinnu við búvöruframleiðendur. Ég vil halda úti landbúnaði og öflugri landsbyggð og er ekki síst þessarar skoðunar vegna matvælaöryggis þjóðarinnar sem er mjög vanmetið. Þjóð sem er sjálfrá sér nóg um mat býr yfir miklum auðæfum,“ segir Björgvin sem vill vinda ofan af núverandi fyrirkomulagi með tímabundnum beinum stuðningi.

„Tollar og höft eru mjög neikvæð fyrirbæri og samkeppnishindrandi rétt eins og stimpil- og vörugjöld. Ég trúi á frjálsa og eðlilega samkeppni undir eftirliti þar tilbærta stofnana. Búvöruframleiðsla nýtur sérstakrar verndar eins og raunin er í öllum löndum heimsins. Sú vernd verður hins vegar að vera á réttum forsendum.

Við eigum að vera sanngjörn gagnvart búvöruframleiðslunni og efla hana. Ég held til dæmis að ef og þegar við göngum í Evrópusambandið, opnast íslenskum landbúnaði mikil tækifæri sem í dag eru mjög vanmetin,“ segir Björgvin og bætir við að bændur séu í dag mun hlynntari frelsi í viðskiptum og opnari fyrir breytingum á fyrirkomulagi framleiðslumála en var fyrir fáum árum. Þar komi margt til, en ætla megi að frjáls jarðaviðskipti, sem hafa stórhækkað jarðaverð og markaðsvætt margt í sveitunum, hafi þar mikil áhrif.

Nýlega hefur Samkeppnisstofnun mælt fyrir um að samkeppnislög verði einnig látin gilda um mjólkuriðnaðinn í landinu. Vilt þú sjá slíka breytingu?

„Já, ég tel það eðlilegast. Það má vel vera að á sínum tíma hafi verið ákveðin rök fyrir því að undanskilja mjólkurframleiðsluna samkeppnislögum, svo greinin væri betur í stakk búin að mæta samkeppni erlendis frá. Nú, þegar mjólkuriðnaðurinn í landinu hefur allur sameinast í einu fyrirtæki eru þessar forsendur ekki lengur til staðar. Ég tel hagsmunum bænda miklu frekar felast í frjálsri samkeppni á þessu sviði rétt eins og öðrum.“

Fara yfir gjaldtöku bankanna

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er kveðið á um að afnema skuli vöru- og stimpilgjöld og verður það gert síðar á kjörtímabilinu, að sögn Björgvins.

„Vörugjöld eru til komin sem innflutningsvernd vegna EFTA og slíkt er röksemd sem er fyrir löngu úr gildi fallin. Þetta er handahófskennd skattlagning, sem við eigum að afnema. Ég vil einfalt og gagnsætt samkeppnisumhverfi og ætla þess vegna að beita fyrir mér að uppgreiðslugjöld bankanna verði afnumin. Þau eru samkeppnishindrun, koma í veg fyrir að fólk geti flutt viðskipti sín þangað sem best kjör bjóðast á hverjum tíma. Þess vegna hef ég sett á laggirnar nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir alla gjaldtöku bankanna; stimpilgjöld,

Viðskiptaráðherrann, „Ósennilegt að erlendis bankar, tryggingafélög og fleiri slík fyrirtæki hasli sér völl hér á meðan íslenska krónan er okkar sjálfstæði gjaldmiðill.“

„Það er mikilvægt að verslun og viðskiptum sé mörkuð skýr og sanngjörn lagaumgjörð.“

seðilgjöld, uppgreiðslugjald, greiðslukostnað og fleira. Þessi nefnd á að skila af sér tillögum um áramót, þá væntanlega í frumvarpi sem yrði lagt fram á vörþingi. Ég bind miklar vonir við starf þessarar nefndar, fyrir neytendur er mikilvægt að treysta alla löggjöf sem tryggir eðlilega samkeppni á fjármála markaði eins og í öllum öðrum greinum.“

Starfsemi Neytendastofu, sem sett var á laggirnar fyrir nokkrum misserum, hefur farið vel af stað rétt eins og starf Umboðsmanns neytenda hefur skilað góðum árangri, að mati viðskiptaráðherra. Hann vill efla starfsemi þessara stofnana og veita auknum fjármunum til Neytendasamtakanna sem hafa með höndum þýðingarmikið hlutverk á þessu sviði.

„Þá gegnir Fjármálaeftirlitið stöðugt þýðingarmeira hlutverki í útrás og eflir starfsemi íslenskra fyrirtækja. Það er þeim ekki síður en neytendum mikilvægt að þessi eftirlitsstofnun sé sterk; svo fyrirtækin njóti trúverðuleika erlendis eru eftirlitsstofnanir grundvallaratriði og hef ég þess vegna lagt til að skattur, sem fyrirtækin greiða til Fjármálaeftirlitsins, verði tvöfaldaður og vænti þess að sú breyting gangi eftir fyrir en síðar.“

Samstaða um skattkerfisbreytingar

Á hátíðarfundum á dögunum í tilefni af 90 ára afmæli Viðskiptaráðsins voru ráðherrar og fleiri inntir eftir afstöðu til ýmissa mála sem ráðið hefur barist fyrir. Skattamálín eru þar ofarlega á baugi. Björgvin segir að hugmyndir sínar og Viðskiptaráðsins fari að mörgu leyti saman.



„Vörugjöld eru til komin sem innflutningsvernd vegna EFTA og slíkt er röksemd sem er fyrir löngu úr gildi fallin.“

„Því eigum við að vera mjög rösk í því að nýta okkur styrkleika einkaframtaksins, þó við verndum eigi að síður grunnþjónustuna eins og víðtæk sátt er um,“ segir Björgvin G. Sigurðsson.

„Sett á laggirnar nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir alla gjaldtöku bankanna.“

„Við eigum að stefna að því að lækka álögur á fyrirtæki og bæta rekstrarumhverfi þeirra enn frekar. Þær grundvallarbreytingar á skattkerfinu sem ég vil annars sjá á næstu árum eru þær að skattleysismörkin verði hækkuð, þannig að fólk, sem hefur lágur tekjur, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur og fleira, sé algjörlega undanþegið skattgreiðslum. Síðan vil ég sjá samræmdan skatt fólks- og fyrirtækja, það er að skattar á fyrirtækin í það heila og tekjuskatturinn verði með tímanum samræmd. Ég er sannfærður um að engin ein aðgerð myndi betur bæta stöðu láglauna- og millitekjufólks en þessi. Hjón sem eru kannski að afla hálftrar milljónar kr. í tekjur á mánuði eru alltaf í þrengingum, sjá aldrei til lands og lifa á yfirdrættinum. Slíkt gengur ekki til lengdar. Lægri skattar myndu hins vegar auka ráðstöfunartekjur þess fólks sem hefur lægst tekjur að mun og auka atvinnuþátttöku þannig að hver og einn skili meira til samfélagsins. Minni skattheimta og betri afkoma gæfi fólki sömuleiðis meira svigrúm til að vera með börnunum sínum,“ segir Björgvin sem telur að myndast hafi nokkuð almenn samstaða um skattkerfisbreytingar í þessum anda. Á þeim hugmyndum í þessa veru sem fram hafi komið sé aðeins blæbrigða- en ekki grundvallarmunur og tími aðgerða sé því ekki langt undan.

Opinn fyrir einkaframtækni

Um langt skeið hefur það verið baráttumál Samtaka verslunar og þjónustu og raunar fleiri að opinberir aðilar útivistarstarfsemi sína í ríkari mæli en nú er, það er ýmsa stöðþætti í rekstr-



inum. Samtök verslunar og þjónustu hafa bent á, að svo fýsilegt sé fyrir opinberar stofnanir að útvista þjónustu, þurfi þær að fá virðisaukaskatt af henni endurgreiddan. Stendur til að breyta því?

„Þetta er sjálfsgagt að skoða og breytilegt eftir málaflökkum. Það er eitt að kaupa þjónustu og annað að veita hana. Hið opinbera á að tryggja gjaldlitla grunnþjónustu þar sem allir eru jafnir og ekki hægt að kaupa sig fram fyrir aðra í biðröðum. Þetta getur ríkisvaldið tryggt, meðal annars með samkomulagi við til dæmis skóla og heilbrigðisstofnanir sem eru sjálfseignarstofnanir eða í einkaeigu og um þetta eru fjölmörg dæmi. Þarna nefni ég til dæmis starfsemi öldrunarstofnana, þær eru kjölfesta í heilbrigðiskerfinu. Þjóðnýting á elliheimilum væri afar óskynsamleg. Nú er framundan að leggja nýjan Suðurlandsveg austur fyrir fjall og þar hefur verið rætt um að einkaframtækni; það er að fyrirtæki leggi veginn og ríkið greiði fyrir afnotin. Ég er opin fyrir þessari hugmynd, því það sparar samfélaginu mikla fjármuni að fá veginn sem fyrst í gagnað með tilliti til færra slysa, tjóna og öllum kostnaði sem því fylgir. Því eigum við að vera mjög rösk í því að nýta okkur styrkleika einkaframtaksins, þó við eigi að síður verndum grunnþjónustuna eins og víðtæk sátt er um. Við verðum að styrkja velferðarkerfið þannig að innan nokkurra ára verðum við í hópi með hinum norrænu ríkjum hvað varðar jöfnuð og samhjálp.“

-sbs

Stærsta viðfangs- efnið í dag er að manna fyrirtækin

- segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

SVP – Samtök verslunar og þjónustu og framkvæmdastjóri þeirra, Sigurður Jónsson, hafa verið áberandi í umræðunni hér á landi síðustu misseri. Þótt skrifstofa samtakanna sé ekki fjölmenn er viðfangsefnið ærin og spanna vítt svið. SVP hafa verið í vexti að undanfögnu og aðilum innan þeirra hefur fjölgað. Nýlega gengu Samtök íslenskra auglýsingastofa, SÍA til liðs við SVP en áður hafði Landsamband vörubíreiðaeigenda bæst í hópinn. Tilkoma þessara tveggja hópa hefur kallað á aukin umsvif á skrifstofu samtakanna og því hefur starfsfólki verið fjölgað. Stofnað var sérstakt flutningasvið sem einbeitt sér að hagsmunamálum fyrirtækja í flutningastarfsemi og nýlega hefur verið ráðinn sérstakur starfsmaður til að sinna verkefnum sem tengjast SÍA auk þess að hafa umsjón með markaðsmálum SVP.

Erlent vinnuafli heldur þjónustutígunu uppi

En hvert skyldi vera stærsta málið sem SVP – Samtök verslunar og þjónustu glíma við í dag? „Stóra vandamálið sem blasir við verslunar- og þjónustugreinunum um þessar mundir er að manna fyrirtækin. Það hefur verið afar erfitt síðustu misserin og ef ekki hefði komið til erlent vinnuafli hefði ekki verið hægt

að halda uppi þjónustu í þeim mæli sem þó hefur tekist,“ segir Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri. Sigurður segir að í þessari stöðu séu fræðslumálin mjög mikilvæg, bæði fyrir innlenda og erlenda starfsmenn í þjónustugeiranum. „Það er nauðsynlegt að bjóða sífellt stækkandi hópi erlendra starfsmanna í verslun og þjónustu skipulega fræðslu enda er þessi hópur með alla vega bakgrunn og menntun. Í dag er ekkert sem bendir til að þensluástandinu hér á landi muni ljúka með Kárahnjúkavirkjun og því munum við þurfa að reida okkur áfram á innflutt vinnuafli. Þess vegna er mjög brýnt að bjóða þessum hópi fræðslu þar sem hann geti að minnsta kosti öðlast ákveðna lágmarks þekkingu á tungumálinu og samfélagsgerðinni.“ Sigurður bendir á að því miður hafi ekki verið nægileg íslenskukennsla í boði fyrir útlendinga og fólk því þurft að bíða eftir að komast á námskeið. Slíkt sé ófært en standi þó til bóta eftir að ríkið útvegaði viðbótartjármagn til að halda úti íslenskunámskeiðum á viðráðanlegu verði.

Fræðslumálin sífellt veigameiri þáttur

Umræðan um íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk í þjónustu- og verslunargreinum segir Sigurður að end-



Fjölmiðlasamskipti eru veigamikill þáttur í starfi Sigurðar hjá SVP. Hér í viðtali við fréttakonuna Stöðvar 2.

urspegli vel þá staðreynd að fræðslumál verði sífellt veigameiri þáttur í atvinnulífinu. Hann segir að á undanfögnu áraumi hafi SVP látið verulega til sín taka á þessum vettvangi og

náð ótvíræðum árangri. „Við höfum verið dugleg að skilgreina þarfirnar og að vinna með ráðuneytinu og öðrum við að móta það nám sem hentar.“ Hann bendir á að samtökin hafi

í samstarfi við ýmsa aðila komið á fagnámi fyrir starfsfólk í versluninni, diplómanámi í verslunarstjórnun og nú síðast starfstengdu fagnámi í þjónustugreinum í framhaldsskólunum. „Fagnámið fyrir starfsfólk í versluninni hófst í samvinnu við Verzlunarskóla Íslands en er nú vonandi komið í nokkuð fastar skorður í samstarfi við Mími-símenntun og aðrar símenntunarstöðvar úti á landi,“ segir Sigurður. Hann segir að það hafi reynst frekar erfitt að fá fólk til að fara í fagnámið og einnig að tryggja þeim sem það gera nauðsynlegan stuðning fyrirtækjanna. „Á meðan verslunarfagnámið er að festa sig í sessi þarf bæði hvatningu og úthald og þess vegna er brýnt að verslunarfyrirtækin og SVP haldi áfram að standa vörð um þessa námsbraut.“

Sigurður segir að það hafi verið baráttumál SVP undanfögnu árið að koma námi í þjónustugreinum inn í framhaldsskóla landsins. Í góðu samstarfi við menntamálaráðuneytið og fleiri aðila sé sú vinna nú að byrja að skila árangri með starfstengdu námi í þjónustugreinum sem hófst í haust í fjórum framhaldsskólum. „Við bindum miklar vonir við þessa nýju námsbraut og væntum þess að þegar fram líða stundir muni fleiri framhaldsskólar bjóða þetta nám,“ segir Sigurður. Auk þess að beita sér fyrir auknu námsframboði í samvinnu við ýmsar skólastofnanir segir Sigurður að á vegum SVP fari fram margvíslegt



Starfslið SVP frá vinstri: Kristín Hulda Guðmundsdóttir markaðsstjóri, Signý Sigurðardóttir, forstöðumaður flutningasviðs, Óskar Björnsson fjármálastjóri, Sigriður Anna Guðjónsdóttir verkefnastjóri og Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri.



„Ef ekki hefði komið til erlent vinnuafli hefði ekki verið hægt að halda uppi þjónustu í þeim mæli sem þó hefur tekist,“ segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP.

fræðslustarf sem beinist að einstökum greinum innan samtakanna. Þannig sé á vegum flutningasviðs SVP verið að skoða ýmis mál sem lúta að öryggi í land- og sjóflutningum. Þessi vinna fer fram í samvinnu við aðila innan greinarinnar hér á landi en einnig í samstarfi við samtök í flutningaþjónustu í Evrópu og heildarsamtök atvinnurekenda í Evrópu.

Matarskatturinn

SVP hafa á undanförunum árum beitt sér mjög fyrir lækkun skatta og vörugjalda og þegar stjórnvöld ákváðu að verða við kröfum um lækkun matarskatta fyrir á þessu ári vörðu samtökin við of miklum væntingum í þessu sambandi. „Við höfðum áhyggjur af því að stjórnvöld væru með útreikningum sínum um væntanleg áhrif lækkunar virðisaukaskatts, að kynda undir óraunhæfar væntingar og að þegar þær gengu ekki eftir yrði verslunarmönnum kennt um að hafa stungið mismuninum í vasann. Reyndar féllu mjög stór orð um verslunarstéttina í þessari umræðu, svo stór að við sáum okkur knúin til að ganga á fund ráðherra og gera at-

hugasemdir við málflutning tiltekinna embættismanna. Þegar upp var staðið kom hins vegar í ljós að útreikningar okkar um áhrif skattalækkunarinnar reyndust réttir og Hagstofan staðfesti að verslunarfyrtækinn hefðu skilað skattinum til neytenda og rúmlega það.

Úrbætur í vegamálum

Síðastliðið haust skorðuð Samtök verslunar og þjónustu á stjórnvöld að gera stóratök í vegamálum og endurnýja stofnvegakerfi landsins á næstu 10 árum með sértækri fjármögnun. Sérstaklega var bent á nauðsyn þess að tvöfalda stofnbrautir út frá höfuðborginni. Þessar tillögur voru áréttáðar í áskorun sem aðalfundur SVP sendi stjórnvöldum skömmu fyrir kosningarnar í vor. „Ég get ekki sagt annað en að tillögur okkar hafi fengið góðan hljómgrunn bæði meðal almennings og stjórnmalamanna og stór hluti þeirra var tekinn upp í samgönguáætlun sem þáverandi samgönguráðherra lagði fyrir Alþingi fyrir kosningar. Þar bera hæst að okkar mati áform um 2+2 veg annars vegar milli Reykjavíkur og Akureyrar

og hins vegar milli Reykjavíkur og Selfoss. Það á einnig að gera áttak í uppbyggingu annarra stofnbrauta með sérstöku fjármagni. Við fögnum að sjálfsgöðu þessari stefnumótun og ég held að það sé orðinn nokkuð sameiginlegur skilningur á því meðal þjóðarinnar að það er fátt sem skiptir jafn miklu máli fyrir þróun byggðar í landinu og traustar samgöngur.“

Breyttar áherslur í kjölfar stjórnskipta

Í aðdraganda alþingiskosninganna síðast liðið voru sendu SVP stjórnmálaflokkunum lista með spurningum um afstöðu þeirra til nokkurra hagsmunamála sem samtökin hafa verið að berjast fyrir. Síðan mættu formenn flokkanna á opinn fund hjá samtökunum þar sem þeir gerðu grein fyrir svörum sinna flokka. Sigurður segir að með því að fara þessa leið hafi menn vilja freista þess að fá fram skýra afstöðu til mála sem samtökin hafa verið að berjast fyrir. „Okkur fannst þetta takast vel og skynjudum mun ákveðnari stuðning en áður við ýmis mál sem við höfum verið að beita okkur fyrir.“ Sig-

urður segir að það hafi gefist vel til að fanga athyglina að koma áherslumálum samtakanna á dagskrá í hinni pólitísku umræðu. Hins vegar sé eftir að sjá hvaða áhrif það hafi þegar upp er staðið. „Við lestur stjórnsáttmálans finnst mér samt sem áherslur okkar hafi náð að skila sér þar inn. Menn virðast ætla að taka á ýmsum málum sem við höfum verið að berjast fyrir eins og því sem snýr að vörugjöldunum, samgöngumálunum og fleiru.“

Sigurður segist gera ráð fyrir að stjórnsamstarfi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks fylgi ákveðinn áherslumunur frá fyrra ríkisstjórnsamstarfi. „Í ljósi yfirlýsinga sem Samfylkingin gaf fyrir kosningar, til dæmis um vörugjöld og um afnám innflutningsverndar á landbúnaðarafurðir, held ég að maður hljóti að vera vongóður um að einhverjar breytingar verði nú þegar Samfylkingin er komin í ríkisstjórn. Sjálfstæðismenn hafa líka verið fylgjandi ákveðnum breytingum sem ekki náðust í gegn áður eins og hugmyndum um breytt fyrirkomulag á sölu áfengis, svo ég nefni aðeins eitt dæmi.“

Ágóði af útivistun síst ofmetinn

Á liðnum misserum hafa SVP beitt sér fyrir aukinni útivistun opinberrar þjónustu og segir Sigurður að þess vegna hafi það verið fagnaðarefni þegar útivistunarstefna ríkisins tók gildi á síðasta ári. Hann segist vonast til að það takist að ljúka innleiðingu hennar um næstu áramót eins og nú sé stefnt að. „Við teljum að sá sparnaður sem ríkið hyggst ná fram með því að útvísta þjónustu til einkafyrirtækja sé síst ofmetinn því samkeppnismarkaðurinn tryggir alltaf bestu þjónustuna fyrir hagkvæmasta verðið. SVP leggja hins vegar áherslu á að þjónustugreinar standi jafnar að vígi þegar kemur að þessum þjónustuviðskiptum við ríkið. Fjármála-ráðuneytið hefur ákveðið að virðisaukaskattur af aðkeyptri þjónustu tölvufyrirtækja verði endurgreiddur ráðuneytum og stofnunum til að jafna stöðu útvístaðrar og innvístaðrar þjónustu. Við teljum brýnt að önnur þjónustufyrirtæki njóti sömu jöfnunar og munum beita okkur fyrir því að svo verði enda er þetta stórmál fyrir þjónustuna.“

Frumkvæði atvinnulífsins

Sigurður segir að SVP leggi áherslu á að atvinnulífið taki frumkvæði þegar kemur að setningu leikreglna og viðmiða um störf þeirra. Ef atvinnulífið nái að ræða og móta sameiginlegar niðurstöður geti það einfaldað málin og jafnvel komið í staðinn fyrir lög og reglugerðir frá Alþingi og stjórnvöldum. Hann segir að með aðild sinni að ýmsum samtökum verslunar og þjónustu í Evrópu fylgist SVP með kviku Evrópulöggjafar og umræðu sem er undanfari regluverks og tilmæla sem skipta fyrirtækin miklu máli. Hann segir að oft hafi mál verið í mikilli umfjöllun á þessum vettvangi áður en þau berist hingað til lands sem tilmæli eða lög sem þarf að innleiða. Með því að hafa aðgang að þessum vettvangi sé SVP mun betur í stakk búð til að hafa áhrif á umræðu um þessi mál þegar þau berast hingað til lands. „Það sem mér hefur líkað vel við lög og regluverk Evrópusambandsins er að þar er áhersla lögð á einfaldleika og gegnsæi annars vegar og hins vegar þarf að fylgja öllum frumvörpum greinagerð þar sem metin eru áhrif þeirra, ekki bara á ríkið, heldur einnig á atvinnulíf og umhverfi. Þá og því aðeins að áhrifin á þessa þrjá meginþætti séu talin jákvæð eru frumvörpin lögð fram til samþykktar. Þetta eru vinnubrögð sem ég tel mjög til fyrirmyndar og slík viðmið hljóta fyrr en síðar að skila sér inn í starfshætti Alþingis og í löggjöf á Íslandi,“ segir Sigurður Jónsson að lokum.



Ellen Rut „Jón“ Gunnarsdóttir – Starfsmaður Jóna Transport

Jón veit allt

Starfsfólk Jóna Transport er þaulreynt og útsjónarsamt. Við byggjum fyrirtækið okkar á sérþekkingu á flutningum og getum því sagt þér upp á hátt hverju þú gengur að hverju sinni. Þegar dýrmætur varningur er annars vegar borgar sig ekki að vita bara sumt. Það er betra að vita allt.

Jónar
Transport



Hver er afstaða sveitarfélaganna til útvistunar opinberrar þjónustu?

Samkvæmt útvistunarstefna ríkisins sem tók gildi um síðustu áramót er gert ráð fyrir að skipulega verði farið yfir öll verkefni sem unnin eru á vegum ráðuneytanna og metið hver þeirra séu betur komin í höndum einkaaðila. Markmiðið er að efla samkeppni, auka fjölbreytni og stuðla að nýsköpun á þjónustumarkaði.

Íslensku ráðuneytin hafa fengið stjórnvaldsfyrirmæli um að setja sér markmið um útvistun opinberrar þjónustu og stendur sú vinna nú yfir í ráðuneytunum. Vonir standa til þess að um áramót liggi fyrir hvað ráðuneytin og undirstofnanir þeirra treysta sér til að gera í þessum efnum.

Í ljósi þess að ríkisvaldið er nú að taka ákveðin skref til að stuðla að útvistun, vaknar spurningin hvaða afstöðu þeir sem stjórna sveitarfélögum hafa til útvistunar opinberrar þjónustu. Hvað hafa þau verið að gera í þessum málum að undanförunu? Til

að komast að því voru lagðar þrjár spurningar fyrir stjórnendur nokkurra stærstu sveitarfélaga landsins, Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar, Ísafjarðar, Akureyrar og Fjarðabyggðar.

Spurt var:

1. Hver er afstaða þín sveitarfélags til útvistunar opinberrar þjónustu?
2. Eru einhver nýleg dæmi um þjónustuverkefni sem útvistað hefur verið til einkaaðila?
3. Hvaða atriði (ef einhver) eru það sem helst koma í veg fyrir útvistun þjónustuverkefna opinberra aðila?

Svör þeirra fara hér á eftir:

Árni Sigfússon bærarstjóri Reykjanesbæ

1. Reykjanesbær hefur sjálfsagt gengið einna lengst sveitarfélaga í útvistun þjónustu og það fyrirkomulag ávallt haft sem valkostur þegar ráðist er í ný verkefni og þegar hefðbundin verkefni eru endurskoðuð. Í hlutfalli við

heildina hefur einungis litlu broti þjónustunnar verið útvistað en líklegt má telja að útvistun þjónustuverkefna hjá sveitarfélögum verði ekki jaðarfyrirbæri mikið lengur.

2. Reykjanesbær var einn að stofndum Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf. sem sér um viðhald og umsýslu eigna. Félagið byggir á hugmynd um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga við einkaaðila um samfélagsverkefni eða PPP „public private partnership.“ Reykjanesbær setti inn eldri fasteignir sínar í félagið og Fasteign hefur byggt töluvert af nýjum fasteignum fyrir sveitarfélagið. Félagið er í eigu þeirra

sem það starfar fyrir og starfsemi þess mótast því alfarið af þörfum þeirra. Reykjanesbær gerði árið 2005 þjónustusamning við einkaaðila um rekstur Leikskólans Gimli. Samstarfið hefur reynst afar vel og nú nýverið (ágúst 2007) var gerður þjónustusamningur við einkaaðila um rekstur leikskólans Akurs í nýju hverfi í Innri Njarðvík. Þá voru gerðir samningar um rekstur grunnskóla og leikskóla (Ágúst 2007) í nýrri íbúabyggð á fyrrum varnarsvæði. Árið 2003 var ráðist í gagnvera endurskoðun á þjónustu áhaldahúss bæjarins og stórum hluta starfsseminnar var útvistað. Íslenskir Aðalverktakar reka þjónustuborð

sem opið er allan sólarhringinn og sjá um fyrirbyggjandi viðhald. Þá hefur hefðbundin vinna Áhaldahúss og verið keypt út af einkaaðilum að miklu leyti. Aðkeypt sérfræðiþjónusta við skipulagsundirbúning er mikil. Aðkeypt tölvuþjónusta er mikil, aðkeypt ráðgjöf einkarekinna ráðgjafastofa á flestum sviðum stjórnsýslunnar er mikil.

3. Reynsla Reykjanesbæjar af samstarfi opinberra aðila og einkaaðila er mjög jákvæð. Með því hefur tekist að auka þjónustugæði og auka fjármagn sem lagt er til samfélagslegra verkefna. Lítið sveitarfélag situr

þannig síður uppi með ónýttan tíma sérhæfðra starfsmanna en á þess kost að leita til mikillar flóru sérfræðinga sem henta best hverju verkefni. Að okkar mati er fátt sem hindrar útvistun eða kaup bæjarins á þjónustu, sem unnin er af ábyrgum einkaaðilum. Ábyrgð sveitarfélagsins er ekki tekinn af þjónustunni, eingöngu er verið að velja hentugan aðila til að vinna verkið. Reykjanesbær er tilbúinn að skoða útvistun verkefna svo lengi sem tryggt er að samningsaðilar eru samfélagslega ábyrgir og veiti góða þjónustu fyrir peninginn.



Sigrún Björk Jakobsdóttir bærarstjóri á Akureyri

1. Akureyrarbær setti sér innkaupa-stefnu á árinu 2005, meginmarkmiðin með henni voru að gera innkaupa-

reglur og innkaupaáðferðir skýrar og gegnsæjar og stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til bæjarins. Meginreglan er sú að við innkaup sé beitt útboðum og að hlutur útboða í heildarinnkaupum aukist. Akureyrarbær hefur verið að feta sig í þessa átt og útvistað nokkrum þjónustuverkefnum á undanförunum árum. Þar má nefna, bankaðjónustu, rekstur, umsjón og hýsingu tölvukerfa og innheimtuþjónustu Þetta eru afmörkuð verkefni sem tiltölulega auðvelt er að útvista og reynslan af þeim góð. Það er góður árangur af þessu verklagi í verklegum framkvæmdum og vörurkaupum.

af pólitískum klafa. Um þessar mundir er verið að byggja menningarhúsið Hof og við munum láta skoða núna á næstu vikum þá möguleika sem felast í rekstri hússins. Hvort að honum verði útvistað eða mynduð sjálfseignarstofnun sem annast rekstur hússins eða farið í svokallað public/private partnership í þessum tilgangi. Einnig vil ég nefna þá miklu breytingu sem er að eiga sér stað þessa dagana í sorpmálum Akureyringa og Eyjafjarðar. Við lögðum niður byggðasamlagið Sorpey og stofnuðum tvö hlutafélög annars vegar Flokkun ehf og hins vegar jarðgerðarfyrirtækið Moltu sem sveitarfélagin eiga ásamt stærstu matvælaframleiðslufyrirtækjunum hér. Ég vænti mikils af þessu samstarfi opinberra aðila og einkaaðila sem er framundan í þeim mikilvæga mála-flokki sem stjórnun úrgangs er í dag.



hlutlægt mat á hvort þau eigi að tilheyra kjarnastarfseminni eða hvort hægt væri að vinna þau á nýjan og hagkvæmari hátt með útvistun. Það er mikilvægt að samkeppni sé fyrir hendi á þeim sviðum sem um ræðir hverju sinni. Við útvistun verkefna tapast óneitanlega þekking á úrvinnslu þeirra innan sveitarfélagsins og það þarf þá að meta hversu auðvelt er að ná henni aftur inn ef aðstæður breytast.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, borgarstjóri í Reykjavík

1. Viðhorf okkar til útvistunar á opinberri þjónustu er jákvætt og hefur borgin í auknum mæli útvistað þjónustu sem hún veitir.

sem lúta að framkvæmdum og rekstri en að sjálfsögðu lýtur það pólitískri stefnumörkun hversu langt er gengið hverju sinni.

2. Reykjavíkurborg hefur um langt skeið útvistað verkefnum tengdum sérhæfðri þjónustu, t.d. í upplýsingatekni og þjónustu vegna verkefna framkvæmda. Þá hefur borgin í vaxandi mæli útvistað verkefnum tengdri almennri stoðþjónustu og má þar nefna hreinsun gatna og gangstétta. Annað dæmi um útvistun er þegar frjáls félagsamtök hafa tekið að sér rekstur íþróttamannvirkja. Af nýlegum útvistunarverkefnum má nefna losun á Bláu tunnunni (pappírsgangur) sem er hluti af sorphirðu heimila sem annars er á verksviði Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.



3. Tæknilega séð er hægt að útvista flestum verkefnum opinberra aðila

2. Við höfum gert þjónustusamning við Hjalla um rekstur leikskólans Hólmasólar, fyrir var samningur um rekstur leikskóla við Hvítasunnukirkjuna. Á menningarsviðinu hefur verið mikil umræða um þessi mál og ákveðið var á síðasta kjörtímabili að gera þjónustusamninga við tvær menningarstofnanir – Leikfélag Akureyrar og Listasafnið á Akureyri sem art.is rekur. Reynslan af þeim samningum er afar góð, hún hefur skapað svigrúm fyrir þessar stofnanir og létt

3. Ég lít svo á að ef verkefni eru skýrt afmörkuð og með lágt flækjustig þá eigi hiklaust að skoða möguleika á útvistun þeirra. Það á í rauninni ekkert að hamlu því að það verði gert. Okkur hættr ef til vill til að halda í hefðirnar og gefum okkur ekki tíma til að staldra við og meta einstök verkefni. Það þarf að leggja

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri Hafnarfirði

1. Hafnarfjarðarbær hefur í gegnum tíðina útvistað fjölmörg verkefni og má í þeim efnum nefna að fyrir liðlega áratug síðan gerði bæjarfélagið fyrst sveitarfélaga samning við Hjallastefnuna um leikskólarekstur. Þegar að umræða eða valkostir bjóðast á útvistun, þá berum við saman hagkvæmni og/eða arðsemi fjárfestinga/rekstur, leggjum mat á þjónustu og skilgreinum gæði. Á grundvelli slíkra upplýsinga er tekin afstaða til einstakra verkefna.



2. Heitur matur í grunnskólum er hvorutveggja eldaður í sumum grunnskólum bæjarins og sér SS (eftir útboð) um þessa þjónustu í öðrum skólum. Þá er eins farið hvað varðar ræstingar í opinberum byggingum, verkefnið að hluta til útvistað og að hluta hjá bæjarfélaginu. Fjölmörgum verkefnum á framkvæmdasviði er útvistað árlega s.s. verkefurlit, úttektir, hönnun mannvirkja.

3. Reynsla og þekking þeirra sem taka við verkefnum, hæfni þeirra og geta til að halda úti góðri þjónustu. Þá verður einnig að meta hverju sinni kostnað verkefnisins. Hinsvegar ber þess að geta að fjölmargir einkaaðilar hafa í gegnum tíðina sannað traust sitt og trúverðugleika til að geta sinnt verkefnum fyrir sveitarfélög með góðri hagkvæmni fyrir opinbera aðila. Þá má einnig geta þess að á fjölmörgum sviðum hafa einkaaðilar ekki boðið fram þjónustu í þeim verkefnum sem opinberir aðilar sjá um.



Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði

1. Afstaða Ísafjarðarbæjar til útvistunar opinberrar þjónustu er jákvæð og í stefnuræðu bæjarstjóra með fjárhagsáætlun ársins 2007 er sérstaklega um það rætt að nýta þætti útboðs þar sem því verður við komið.

2. Nýlegt dæmi um útvistun þjónustuverkefna hjá Ísafjarðarbæ er sláttur opinna svæða í öllum bænum. Fjöldi verkefna er útvistað og má þar nefna snjómokstur að miklu leyti, sorphirða og umhirða gámasvæða og urðunarstaðar (sorprensulan er rekinn af bænum). Við útvistun mörgum áhaldahúsaverkefnum og látum bjóða í einstök verk.

3. Hugsanlega geta lagafyrirmæli komið í veg fyrir útvistun þjónustuverkefna. Stundum er ágreiningur um hvort heimilt sé að útvista verkefnum eins og til dæmis í sambandi við hafnarþjónustu og síðan getur pólitísk afstaða einnig torvaldað útvistun þjónustuverkefna. Loks má nefna að það geta verið verkefni sem ekki borgar sig að útvista vegna þess að það er hreinlega ekki hagkvæmt. Vandinn við útvistun er að það þarf mikið eftirlit með slíkum verkefnum. Þetta þekkjum við t.d. varðandi slátt opinna svæða svo nýlegasta dæmið sé tekið.

Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar

1. Fjarðabyggð hefur ekki mótað sérstaka stefnu í útvistun þjónustu. Þó er það þannig að verkin tala sínu máli. Fjöldinn allur af verkefnum sveitarfélagsins er leystur með aðkeyptri þjónustu. Þar ræður sú staðreynd að ekki eru forsendur til að öll sérhæfð þekking sem á þarf að halda sé tiltæk hjá starfsmönnum sveitarfélagsins. Það er einfaldlega hagkvæmarar að kaupa að ýmiss konar þjónustu sérfræðinga.

2. Nýleg dæmi um þjónustuverkefni eru t.d. aðalskipulag fyrir Fjarðabyggð sem ráðgjafarfyrirtækið Alta vinnur með bæjarstjórn og starfsmönnum bæjarins. Þar er um að ræða tveggja ára verkefni, þar sem bestu sérfræðingar landsins á þessu sviði leggja okkur lið. Verkefnið VGK

Hönnun, sem hefur stóra skrifstofu í Fjarðabyggð, hefur unnið, og vinnur enn, mjög mikið af tæknilegum verkefnum fyrir bæinn. Bænum er líka akkur í því að þessir góðu sérfræðingar hafi sem tryggust verkefni á staðnum og þjóni atvinnuvegunum um leið. Hið sama á við KPMG sem annast endurskoðun og ýmiss konar fjármálalega ráðgjöf. Sérfræðingar þeirra hér á svæðinu eru ætíð tiltækir. Upplýsingatæknipjónusta er hjá Tölvusmiðjunni, sem er austfirskt fyrirtæki (að vísu keypti Nýherji það á dögunum). Hreingerningapjónusta er hjá ISS hér fyrir austan og sorphirðan er hjá Íslenska gámafélaginu. Þá má nefna að sveitarfélagið er hluthafi í eignarhaldsfélaginu Fasteign, sem m.a. byggði og rekur nýja sundlaug á Eskifirði. Verkleg-

ar framkvæmdir sveitarfélagsins eru undantekningalítið boðnar út.

3. Varðandi þau atriði sem helst koma í veg fyrir útvistun má almennt nefna ýmislegt sem lýtur að stjórnun, stefnumótun og skipulagningu. Afl til að þróa hugmyndir og sinna nýsköpun í framkvæmdum og rekstri þarf að vera tiltækt hjá sveitarfélögunum. Bæjarfélagið þarf líka að hafa afl til að vera sterkur verkkaupi, geta skilgreint þarfir og haft eftirlit með því að samningar séu haldnir. Hvað snertir Fjarðabyggð sérstaklega þá er það stefna sveitarfélagsins að hafa hér öflugt og fjölbreytt atvinnulíf. Í því felst vilji til þess að sérfræðingar hafi verkefni við hæfi á svæðinu. Ef þess er nokkur kostur kjósum við því að útvistuð verkefni séu leyst á svæðinu.



Nú er tækifærið!

SPRON, í samstarfi við Þróunarbanka Evrópu CEB og Norræna fjárfestingarbankann NIB, býður konum með mótaða og samkeppnishæfa viðskiptaáætlun, hagstætt athafnalán* til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Fáðu aðstoð hjá viðskiptastjórum SPRON og draumurinn gæti orðið að veruleika!



*Háð útlánareglum SPRON

75 ára



Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

Einar Guðmundsson forstöðumaður Sjóvá Forvarnahússins:

Öryggi flutningabíla

Strangar reglur gilda um akstur flutningabíla enda er mikið í húfi, lendi stór flutningabíll allt að 49 tonn, í að valda tjóni. Engu að síður er mikilvægt að ökumenn gæti að sérstökum eiginleikum þessara ökutækja þar sem sýnt hefur verið fram á að þeir eru að valda öðruvísi tjónum. Á myndinni hér að neðan má sjá algengustu tjón flutningabíla.

Ljóst er að skoða þarf vel hvernig bílarnir eru hlaðnir. Algengast er að farmur skemmist í bílunum. Bílstjórnarnir verða að huga vel að því að farmur sé festur ef bílarnir eru ekki fullhlaðnir.

Af umferðartengdum óhöppum voru flest óhöpp bílanna vegna þess að þeir voru að aka utan í kyrrstæða hluti, s.s. aðra bíla eða mannvirki. Þá er mjög algengt að bakkað sé á. Bæði þessi óhöpp eiga oftast stað þar sem verið er að aka bílunum við þröngar aðstæður, s.s. þar sem verið er að ferma og afferma bílana og um þröng

bílastæði. Þetta kallar á að ökumenn séu sérstaklega á verði við þessar aðstæður.

26.3% tjóna á flutningabílum eru þar sem ekið er á kyrrstæða hluti meðan 15% tjóna annarra bíla eru af þessu tagi. Það er þó gleðilegt að bakktjón þessara bíla eru mun sjaldgæfari en almennt gerist því 16.3% tjóna flutningabíla eru vegna bakktjóna meðan 31% tjóna annarra bíla eru bakktjón.

Það sem vekur áhyggjur er útafakstur tjónin. Á landsvísi eru þetta 2.7% en tæp 14% hjá flutningabílum. Þetta eru alvarlegri og stærri tjón en önnur því þau gerast flest á þjóðvegi utan þéttbýlis þar sem umferðarhraðinn er meiri. Rekja má þessi tjón til eftirfarandi þátta að miklu leyti: veðráttu, of mikils hraða miðað við aðstæður eða þreytu ökumanns.

Mikið hefur áunnist undanfarin ár í að fækka þessum útafakstur tjónum. Tryggingafélagið Sjóvá hefur unn-

ið mikið að forvarnastarfi með þeim fyrirtækjum sem hjá því tryggja. Auk námskeiða fyrir ökumenn þá var farið út í það í samstarfi við ökumenn að setja upp stormviðvörðunarkerfi. Komid hafði í ljós að ökumenn voru að taka óþarfa áhættu þegar mjög slæmt veður var og ef einum ökumanni tókst að aka fyrir Hafnarfallið eða Kjalarnesið þá var eftirt fyrir aðra að reyna ekki og þá lentu sumir í slæmum vindhviðum og misstu bílana útaf.

Kerfið virkaði mjög vel og sendi Sjóvá stormviðvörðun á fyrirtækin og var viðvörðunin í 3 þrepum eftir veðri og hvernig bílar áttu í hlut. Það kom fljótlega í ljós að tjónum fækkaði verulega og fljótlega voru önnur fyrirtæki og einyrkjar farnir að fylgjast með hvort viðkomandi fyrirtæki væru að fara af stað eða ekki.

Stöku óhöpp urðu þegar ökumenn voru of seinir að keðja bílana í slæmum veðrum og leiddi það stund-



um til útafaksturs. Það er því mikið lagt upp úr því að menn setji keðjur tímanlega.


Nokkuð hefur verið um að þessir bílar eru að aka á búfé. Það var því fagnaðarefni þegar leyft var að nota sterka kastara til að sjá betur hvort eitthvað er á veginum framundan. En jafnframt hefur verið lagt mikið upp úr því að þessum kösturum sé beitt í hófi til að blinda ekki ökumenn sem á móti koma.

Nokkur atriði sem farið er í eru hæð bílanna og mikilvægi þess að bílarnir séu ekki of hátt hlaðnir

en nokkuð hefur verið um það að þeir hafi ekið undir mannvirki og skemmt, s.s. í Hvalfjardargöngum.

Gerðir hafa verið gátlistar fyrir bílstjóra til að nota við að skoða öryggisþætti. Má nefna gátlista um eftirvagna en nokkuð hefur verið um að eftirvagnar hafi tekið stjórna af ökumanni og valdið tjóni.

Mikið var lagt upp úr jákvæðum samskiptum og hrósi til ökumanna. Þeir sem best stóðu sig voru verðlaunaðir fyrir góð störf. Er greinilegt að þessi aðferð virkar vel.



Stormviðvörðunarkerfið

Aðvörðun 1 Vindur upp á 19 m/sec. (23 m/sec. í hviðum). Ástæða fyrir bílstjóra að fylgjast vel með veðurlýsingu og sýna aðgætni og fyrirhyggju áður en lagt er út í erfiða áfanga.

Aðvörðun 2 Vindur upp á 23 m/sec. jafn vindur eða 30 m/sec. í hviðum. Bílstjóri leiti sérstakra upplýsinga, t.d. frá öðrum bílstjórum á leiðinni, leiti samráðs lestara og annarra sem ætla má að hafi frekari upplýsingar eða fyrirmæli. Sérstök aðgætni skal höfð.

Sérstök regla um léttu vagna. Stormaðvörðun upp á 19 m/sec. jafn vindur eða 26 m/sec. í hviðum.

Aðvörðun 3 Vindur upp á 26 m/sec (35 m/sec og yfir í hviðum). Bílstjórar fari ekki viðkomandi leið eða leiðarluta fyrr en komið er ástand sem á við Aðvörðun 2. Sérstök regla um léttu vagna. Stormaðvörðun upp á 23 m/sec. jafn vindur eða 30 m/sec. í hviðum

Sérstakar reglur vegna léttra vagna. Ef vindstyrkur í kviðum er meiri en 23 m/sec. þá skal bíll bíða eða skilja vagninn eftir í Borgarnesi. Mat bílstjóra hvort er.

Endanleg ákvörðun um hvað gera skal í hverju tilviki verður ekki tekin frá bílstjóra, þó er Aðvörðun 3 fyrirmæli sem ber að fara eftir.

Signý Sigurðardóttir forstöðumaður flutningasviðs SVP

Að taka þátt í Evrópsku samstarfi

„Við ... gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi: Með lögum þessum eru innleiddar í íslenskan rétt eftirtaldir gerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í ... kafla samningsins um Evrópska efnahags-svæðið...“

Þessi setning sést æftir í íslenski löggjöf. Þróunin í íslenski stjórnskipun er sú að innleiða tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins beint í íslenska löggjöf. Hvaða áhrif hefur slík þróun á þá sem undir löggjöfina heyra? Hvað þýðir það að stór hluti löggjafans á Íslandi er þannig ekki lengur til staðar í nánasta umhverfi heldur einhvers staðar á meginlandi Evrópu?

Fyrirtæki í flutningastarfsemi hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Æ fleiri lög og reglugerðir Evrópusambandsins sem innleiddar eru hér snerta þá starfsemi beint. Dæmi um þetta eru t.d. aksturs- og hvíldartímareglur atvinnubílstjóra, reglur um endurmenntun þeirra, reglur um ökurita, reglur um flugvernd og siglingavernd og svo mætti lengi áfram telja. Þegar málum er svo háttað veltir maður fyrir sér hvar á að bera niður til að hafa áhrif á lagaumhverfi atvinnugreinarinnar? Ef íslensk stjórnvöld, - að ekki sé talað um ís-

lenska stjórnvaldamenn, telja sig þess ekki umkomna að hafa áhrif á lagaumgjörð starfsgreinarinnar hvert á hún þá að leita til að hafa áhrif? Þeirri spurningu verður ekki svarað hér, en lögd áhersla á að fyllsta ástæða er fyrir Íslendinga að velja fyrir sér þessari spurningu. Er það ásættanlegt fyrir okkur öll til lengri tíma að taka við löggjöf gagnrýnislaust erlendis frá? Löggjöf sem við getum ekki haft áhrif á til eða frá?

SA - Samtök atvinnulífsins bentu í byrjun ársins flutningasviði SVP á vettvang inn Evrópu þar sem hagsmunamál flutningsfyrirtækja væru til umræðu. Um er að ræða hóp sem kallar sig „Transport Group“ eða flutningahóp innan BUSINESSEUROPE – Samtaka atvinnulífsins í Evrópu. Þarna koma saman fulltrúar frá öllum greinum flutningastarfseminnar – á landi, lofti og á sjó og frá öllum löndum Evrópu til að ræða hagsmunamál sín og koma þeim á framfæri við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Á fyrsta fundi þar sem flutningasvið SVP tók þátt í febrúar sl. var óskað eftir sjálfbodaliða til að taka saman helstu áhersluatriði BUSINESSEUROPE fyrir væntanlega umræðu Evrópusambandsins um hafnarmál



Signý Sigurðardóttir forstöðumaður flutningasviðs SVP.

– „ports policy“. Fulltrúi SVP, sem þetta ritar, sá þarna möguleika á að afla sér þekkingar á mikilvægum málaflokkum auk þess að eygja möguleika á því að hafa áhrif á frumstig umræðna innan Evrópusambandsins á málaflokkum sem snertir hagsmuni aðildarfyrirtækja beint. Hún bauð sig fram og úr varð að fulltrúi Íslands tók saman helstu áhersluatriði Samtaka atvinnulífsins í Evrópu fyrir umræður Evrópusambandsins um hafnarmál. Því er bent á þetta hér, að þótt Ísland sé ekki aðili að Evrópusambandinu er ekki þar með sagt að þeir séu útilokaðir frá því að hafa áhrif á allt sem

þar gerist. Það eru ýmsir möguleikar til að koma hagsmunamálum Íslendinga á framfæri við Evrópusambandið með einum eða öðrum hætti og það er afar mikilvægt að halda því á lofti og að rækta þau tengsl eins og kostur er. Því verður ekki haldið fram að vettvangur eins og sá sem hér er kynntur, Transport Group innan BUSINESSEUROPE, sé líklegur til að skipta sköpum í endanlegum niðurstöðum reglna Evrópusambandsins, en hann veitir þó alla vega aðgang að umræðunni og gefur möguleika á að koma hagsmunaáherslum íslenskra flutningsfyrirtækja á framfæri við

Evrópusambandið. Að síðustu má koma fram að á síðasta fundi þessa hóps í september sl. var ímyndaáttak flutningasviðs SVP sérstaklega kynnt af forsvarsmanni Cefic – Samtaka evrópskra fyrirtækja í efnaiðnaði – sem gott dæmi um átak sem evrópsk flutningsfyrirtæki gætu farið í til að freista þess að efla ímynd flutningagreinarinnar í Evrópu.

Á stuttum tíma hefur flutningasvið SVP þannig náð þeim árangri innan þessa hóps að setja annars vegar saman áherslupunkta til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í mikilvægum málaflokkum og hins vegar að vera tekið sem dæmi um fyrirmynd að einhverju sem samtök flutningsfyrirtækja Evrópu gætu leikið eftir. Það skiptir máli og virkar örvandi að ekki skuli vera flóknara en raun ber vitni að komast að í umræðunni. Hagsmunamál íslenskra flutningsfyrirtækja eru í flestum tilfellum ekkert öðruvísi en hagsmunamál evrópskra flutningsfyrirtækja og það er mikilvægt fyrir lítil samtök eins og SVP með viðtæk hagsmunamál eins og flutningar á landi, lofti og á sjó eru – að finna einn vettvang sem tekur fyrir hagsmunamál þeirra allra.

Verslanir A4 í sókn:

Viðskiptavinir ganga hér að öllu vísu

Þrjár nýjar verslanir undir merkjum A4, með ritföngum, skrifstofuvörum og öðru slíku, verða opnaðar á næstu vikum; tvær á Reykjavíkursvæðinu og sú þriðja við Silfurtorg á Ísafirði. Frekari landvinningar eru á stefnuskrá A4 á næstunni, en fyrirtækið rekur í dag Skólavörubúðina og þrjár verslanir sem áður voru undir merkjum Odda skrifstofuvara.

„Við hyggjumst skerpa á öllum áherslum fyrirtækisins og verslana þess á næstunni, en fyrst og síðast bjóða þá góðu og öruggu þjónustu sem verslanir Odda skrifstofuvara voru þekktar fyrir. Það fólk sem áður starfaði hjá Odda skrifstofuvörum heldur áfram hjá okkur og því eiga viðskiptavinir að ganga að öllu vísu,” segir Ólafur Sveinsson framkvæmdastjóri A4 í samtali við blaðið.

Skrifstofuhúsgögn og skólabækur

Verslanir A4 á höfuðborgarsvæðinu eru þrjár, það er við Höfðabakka, Borgartún og við Smiðjuveg í Kópavogi þar sem Skólavörubúðin er til húsa. Þá er fyrirtækið með verslun við Glerárgötu á Akureyri. „Við bjóðum skrifstofuhúsgögn, tölvubúnað, blöð, blýanta og allt þar á milli. Við opnum klukkan átta á morgnana og erum með opið fram til klukkan sex síðdegis. Það er algengt að viðskiptavinir komi hér við á leiðinni í vinnuna, grípi með það sem þarf fyrir skrifstofuna þann daginn. Verslunin á Höfðanum miðast kannski öðru fremur við þarfir fyrirtækjarekstrar en verslunin í Borgartúni er með breiðara vöruúrval. Í Skólavörubúðinni fæst allt milli himins og jarðar. Þar bjóðum við t.d. upp á ýmskonar námsgögn og kennslubúnað fyrir skóla – bækur, hannyrðavörur og svo ýmis tæki og töl sem koma sér vel í námi efnilegra krakka sem geta með réttu hjálparkæjunum náð enn meiri árangri,” segir Ólafur.

A4 er með Íslandsumboð fyrir Panduro HOBBY föndurvörurnar sem eru velþekktar og bjóða handverksfólki upp á milljón möguleika í allskonar föndri. Þá fást í verslunum fyrirtækisins Samsonite ferðatöskur, sem eru ómissandi þegar leggja skal upp í langferð. Þá er ónefnd fyrirtækjapjónustan sem hefur hefur verið einn af hornsteinum fyrirtækisins frá upphafi. Þar geta stór og smá fyrirtæki á einfaldan og öruggan hátt pantað allar þær skrifstofuvörur sem þau þurfa á að halda og notið við það aðstoðar þaulreynds starfsfólks.

Markmið og veruleiki

„Við hjá A4 höfum markað okkur þau gildi að bjóða viðskiptavinum góða þjónustu, það er skjótan afgreiðslutíma, að varan sé jafnan til og að starfsfólkið sé vel þjálfað og þægilegt. Leysi öll vandamál sem upp kunna að koma. Og þetta er ekki bara markmið okkar heldur líka veruleiki. Frá því JK-fjárfesting keypti Odda skrifstofuvörur fyrr á þessu ári hefur verið unnið markvisst að ýmsum breytingum sem munu koma viðskiptavinum okkar til góða í framtíðinni. Meðal annars fluttum við lagerinn okkar í hentugra húsnæði og tókum í gagnnið mun fullkomnara tölvakerfi sem og símkerfi. Svo umfangsmiklar breytingar hafa óneitanlega áhrif á daglegan rekstur

og viðskiptavinir okkar hafa vissulega orðið varir við það. Þeir hafa þó sýnt okkur mikla þolinmæði og starfsfólk okkar hefur með mikilli samstöðu og jákvæðni lagt sig fram um að leysa vel og greiðlega úr öllum málum sem upp hafa komið. Því horfum við bjartsýn til framtíðar – og hið sama geta viðskiptavinir okkar gert,” segir Ólafur Sveinsson að síðustu.



Ólafur Sveinsson framkvæmdastjóri A4.

SELSKA SIA/ISF 3400/07/07








LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA










PÓSTURINN www.postur.is
 SÍMI 580 1000 postur@postur.is
 SP 00 878 215 8 IS


HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA

LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA

Það er ekki lögmál að borga of mikið fyrir kortauppgjör

- segir Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar

Kortabjónustan heldur upp á fimm ára afmæli sitt í haust, en fyrirtækið býður verslunar- og þjónustuaðilum í samstarfi við PBS í Danmörku uppgjör kortaviðskipta. Þegar fyrirtækið kom fyrst á markaðinn höfðu stóru kortafyrirtækin tvö búið við einokunaraðstöðu en Jóhannes I. Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar, segir að mikið hafi breyst við innkomu fyrirtækisins á markaðinn á sínum tíma.

„Það sýndi sig um leið og við höfum starfsemi og fórum að bjóða dagleg kortauppgjör, sem hin fyrirtækin höfðu einungis boðið gegn mjög háu aukaálagi, að allt í einu sáu keppinautar okkar sér fært að lækka taxa sína og þjónustugjöld umtalsvert. Frumkvöðlastarf okkar síðustu fimm árin hefur þannig skilað sér, ekki bara til viðskiptavina okkar heldur inn á markaðinn allan hér á landi,“ segir Jóhannes. „Við látum þó að sjálf-

sögðu ekki staðar numið þótt markaðurinn hafi þroskast heldur höfum það að markmiði að bjóða ávallt hagstæðasta verðið á kortauppgjörþjónustu á Íslandi og höfum haldið því forystuhlutverki frá upphafi.“

Ört vaxandi markaðshlutdeild

Eins og gefur að skilja skiptir það fyrirtæki miklu máli að þjónustuaðilar í kortauppgjörum séu traustir og áreiðanlegir og því er eðlilegt að það taki



Kortabjónustan. Á myndinni eru, frá vinstri talið, Jóhannes I. Kolbeinsson og sölumennirnir Ásmundur Þorvaldsson og Hermann Ingi Hermannsson.

Vinsæll



Einn af víðförlustu starfsmönnum TVG Zimsen er án efa Gunnar Steinn Þórsson bílstjóri, sem á hverjum degi hittir fjölda ánægðra viðskiptavina okkar. Gunnar er vinsæll og vel metinn maður sem allsstaðar er vel tekið, enda hans þáttur í þjónustunni kannski sá þakklátasti – að koma vörunni á áfangastað. Sú afhending er oft endir á flóknu ferli þar sem ótal þættir þurfa að vinna saman – ferli sem við erum sérfræðingar í.

Hafðu samband við rétta fólk! Við finnum lausnina, hvort sem hún snýr að flugfrakt, sjófrakt, tollafgreiðslu eða útflutningi!

fyrirtæki á borð við Kortabjónustuna nokkurn tíma að sýna fram á að það sé traustsins vert. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið stöðugur frá stofnun þess árið 2002 og er nú svo komið að í lok júlí fengu um 11,1% allra söluaðila á landinu uppgjörþjónustu sína frá Kortabjónustunni. Heildarvelta uppgjöranna sem Kortabjónustan sá um frá ágúst 2006 til júliloka á þessu ári var rúmir 13 milljarðar, sem var 54% aukning frá sama tímabili árið áður.

Eina íslenska fyrirtækið með öryggisvottun

Kortabjónustan hefur jafnframt þá sérstöðu að vera eina íslenska fyrirtækið sem hefur fengið hina alþjóðlegu PCI DSS (Payment Card Industry Data Security Standard) öryggisvottun alþjóðlegu kortafyrirtækjanna Visa International og MasterCard International. PCI er eini staðallinn sem tryggir örugga meðhöndlun kortaupplýsinga og erlendis er það núorðið talið algjört skilyrði að vera með PCI-vottun til að geta tekið við kortagreiðslum. „Það hefur komið okkur mjög á óvart hve lítil áhersla hefur verið lögð á þessi mál hér á landi og í raun óskiljanlegt að a.m.k. keppinautar okkar hafi enn ekki getað uppfyllt þessar kröfur,“ segir Jóhannes.

Síðustu misseri hefur sífellt harðar verið lagt að íslenskum fyrirtækjum sem stunda mikil greiðslukortaviðskipti að öðlast PCI-vottun og hefur Kortabjónustan nýlega hafið að bjóða slíkum fyrirtækjum PCI-vottaðar lausnir sem leysa fyrirtæki undan því að öðlast sjálf PCI-vottun.

Ekki lögmál að borga meira

Kortabjónustan hefur jafnframt rutt sér til rúms í greiðslumiðlun á Netinu því fyrirtækið hefur þróað þjónustu sem kallast Netgreiðslur Korta sem er einföld leið til að gera fyrirtækjum kleift að taka við greiðslum á öruggan hátt á vefsíðum sínum. „Netgreiðslur Korta hjálpa fyrirtækjum sem selja varning að taka við greiðslum á einfaldan, öruggan og umfram allt ódýran hátt á Netinu. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við þessari þjónustu enda hefur kostnaðurinn við að setja upp netgreiðsluferfi oft staðið í smærri fyrirtækjum sem vilja geta boðið varning til sölu á vefsvæðum sínum,“ segir Jóhannes.

„Við ætlum að halda áfram að vera leiðandi á þessum markaði. Það hefur sýnt sig að stjórnendur fyrirtækja vilja nýja valkosti, betri og öruggari þjónustu og sanngjarnara verð á greiðsluuppgjörum en þeir hafa búið við í gegnum tíðina. Sífellt fleiri eru að átta sig á því að Kortabjónustan og PBS hafa upp á allt þetta að bjóða og að það sé ekkert lögmál að þeir verði að borga meira með því að skipta við gömlu einokunarfyrirtækin,“ segir Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortabjónustunnar, að lokum.

TVG-ZIMSEN
SÍÐAN 1894

Björn Einarsson, framkvæmdastjóri TVG-Zimsen:

Við erum hér fyrir kúnnann

Saga TVG-Zimsen endurspeglar vel breytta viðskiptahætti og stöðuga þróun í samgöngum á Íslandi. Fyrirtækið varð til við samruna Skipaafgreiðslu Jes Zimsen og Tollvörugæmslunnar og ræturnar liggja allt til ársins 1894 þegar Jes Zimsen stórkaupmaður hóf rekstur umfangsmikils verslunarfyrirtækis í Reykjavík.

TVG-Zimsen byggir því á traustum grunni og leitast við að sinna sem flestum þörfum inn- og útflytjenda. Fyrirtækið byggði upp þjónustumiðstöð í Korngördum 2 og rekur þar sína alhliða flutningsmiðlun fyrir inn- og útflytjendur, það er sjófrakt, flugfrakt og skjalagerð. Vöruhústarfssemin er í Vöruhótelinu Sundabakka.

Líka framsækin

„Við erum eins og bestu úraframleiðendur. Nafnið er traust og sagan líka. Við byggjum því hiklaust á okkar góða grunni og njótum góðs af okkar öfluga móðurfélagi, Eimskip,“ segir Björn Einarsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri fyrirtækisins í tvö ár. „En það er ekki nóg að vera með flottan grunn,“ bætir Björn við. „Að sjálfsgöðu þurfum við líka að vera framsækin og búa til sterkt sölu-“

markaðs- og þjónustufyrirtæki sem sinnir þörfum smárra jafnt sem meðalstórra fyrirtækja.“

Forskot í flutningum

Björn vann um sjö ára skeið við flutningsmiðlun erlendis. Hann sér mörg tækifæri fram undan fyrir jafn gamalt og gróið fyrirtæki og TVG-Zimsen.



Framvarðasveitin. Frá vinstri talið, Arnar Bjarnason Margrét Sigurðardóttir og Gestur Gestsson og að baki þeim stendur Björn Einarsson framkvæmdastjóri TVG Zimsen.

„Flutningsmiðlun verður að uppfylla það hlutverk að koma með heildarlausn fyrir kúnnann, alveg frá a til ö. Stjórnendur í fyrirtækjum hafa mörgum öðrum hnöppum að hneppa. Á sama tíma á flutningsmiðlunin að ganga snurðulaust fyrir sig, renna áfram án þess að þeir þurfi að hafa áhyggjur af henni. Við erum hérna fyrir kúnnann og leggjum ofuráherslu á að sinna því hlutverki.“

Í starfi sínu segist Björn vilja koma fram með nýjungar sem reyndar hafi lengi þekkt erlendis. „Þessi markaður er í rauninni nokkuð nýtilkominn á Íslandi og það eru mörg tækifæri fyrir okkur að byggja upp alhliða þjónustu á sviði flutningsmiðlunar og ná forskoti á markaðnum með nýjum heildarlausnum,“ segir Björn að lokum, fullur orku að sinna kúnnunum sínum.

72% Íslendinga starfa í þjónustugreinum

Árið 2006 störfuðu 23.600 manns við verslun á Íslandi eða rúmlega 14% af heildarvinnuafli þjóðarinnar. Verslun er önnur fjölmennasta atvinnugreinin á hér á landi, næst á eftir heilbrigðis- og félagsþjónustu en þar störfuðu 24.600 manns eða 14,5% af vinnuafli þjóðarinnar árið 2006. Á sama tíma störfuðu 6400 manns við landbúnað, 4300 manns við fiskveiðar og 4100 í fiskiðnaði.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í Árbók verslunarinnar 2007 sem Rannsóknasetur verslunar og þjónustu og Kaupmannasamtök Íslands hafa nýlega gefið út. Þetta er í fyrsta skipti sem slík árbók kemur út með tölfræðilegum upplýsingum um þróun verslunar og þætti sem hafa áhrif á rekstrarskipti hennar. Í árbókinni kemur fram að á árunum 2000 til 2006 fækkaði störfum við fiskveiðar um 29,5% og störfum í fiskiðnaði fækkaði um 38,8%. Í landbúnaði fækkaði störfum um 7,2% á sama tíma og störfum í hvers kyns þjónustu fjölgaði um 14,1%.

Árið 2006 störfuðu alls 122.500 manns eða rúmlega 72% Íslendinga í þjónustugreinum, ýmist á vegum opinberra aðila eða hjá einkaaðilum.

Þrátt fyrir að starfsmönnum verslana hafi fjölgað um næstum 8% á tímabilinu frá 2000-2006 hefur skortur á starfsmönnum verið viðvarandi vandamál í rekstri verslana undanfarin ár. Starfsmannaskorturinn hefur haft áhrif á framleiðni vinnuaflsins því að framleiðni hefur aukist mun meira á hvern starfsmann í verslun á undanförunum árum en í öðrum greinum á sama tíma. Á árunum 1998 til 2005 jókst framleiðni vinnuafls í verslun um 5,3% á móti 3,8% aukningu að meðaltali í öðrum greinum.



KORT

- eru til margra hluta nytsamleg

Áfyllingarkort, Hleðslukort, Þjófavarnarkort, Auðkennikort, Lykilkort, Stimpilkort, Skafmiðakort, Bílastæðakort, Afsláttakort, Félagkort, Punktakort. . . .

Nefndu það bara við eigum það til eða framleiðum það.

Eitt kort - milljón möguleikar



Eyþór við útkeyrsluhlið á athafnasvæði Eimskips við Sundahöfn þar sem sjálfvirkir hæðarmælur stöðva nú bílana ef farmurinn er of hár.

Landflutningageirinn herðir öryggiskröfurnar

Viðtal við Eyþór H. Ólafsson, öryggisstjóra hjá Eimskip

Aðilar í flutningsþjónustu hafa að undanfögnu unnið ötullega að því að efla öryggismál í greininni. Þetta hefur bæði verið gert með sérstökum átaksverkefnum innan einstakra fyrirtækja en einnig er nú unnið að málinu á vegum flutningasviðs SVP. Þar er nú meðal annars verið að taka saman öryggisleiðbeiningar fyrir bílstjóra þar sem farið verður á aðgengilegan hátt yfir öll helstu öryggisatriði sem snúa að bílstjórum í landflutningum.

„Það fjáðrafok sem hefur orðið vegna óhappa í landflutningum kemur ekki til af góðu. Því miður verður að viðurkennast að það eru aðilar í greininni sem hafa ekki verið að standa sig sem skyldi og þegar rekja má óhöpp til ófullnægjandi frágangs á farmi eða ökuhegðunar sem ekki er í samræmi við reglur verður öll greinin fyrir álitshnekkir,“ segir Eyþór H. Ólafsson, öryggisstjóri í öryggismiðstöð Eimskips. Eyþór sem jafnframt á sæti í öryggishópi flutningasviðs SVP segir að umræða undanfarinna missera hafi komið illa við þá sem starfa í greininni sem telja sig almennt vera að vanda sig og gera hlutina eftir bestu samvisku. „Það verður að halda því til haga að upp til hópa eru bílstjórnarnir okkar fagmenn með langa og mikla reynslu og þeim fellur illa að vera nánast stimplaðir sem misyndismenn. Því miður er það hins vegar þannig að það er sama hvað menn reyna að gera hlutina vel það eru alltaf einhverjir skussar innan um sem koma vondu orði á stéttina.“

Gripíð til aðgerða

Eyþór segir að þegar þessi umræða fór í gang hafi lögreglan eðlilega byrjað að fylgjast mun betur með flutningabílunum og þá hafi meðal annars verið farið að gera athugasemdir við

hluti sem aldrei hafði verið fundið að áður. Sumar aðfinnslurnar hafi verið gerðar með skírskotun í reglugerðir sem áttu ýmist ekki eigi við eða sem ómögulegt var að framfylgja. Eyþór segir að eina svar flutningageirans í þessari stöðu hafi verið að líta inná við og finna leiðir til að auka öryggid og að því sé nú unnið. Hann segir að á vegum einstakra fyrirtækja hafi verið gripið til ýmissa aðgerða til að styrkja öryggisþáttinn. Bæði er þar um að ræða fræðslu og einnig breytingar og lagfæringar í vinnuumhverfinu. Hann segir að vinnuhópur á vegum flutningasviðs SVP hafi farið yfir reglugerðir sem gilda um flutningastarfseminu og sett fram ábendingar til Umferðarstofu um hvernig megi breyta þeim og bæta til að þær verði skilvirkari og þjóni betur því hlutverki að stuðla að auknu öryggi í umferðinni. Hann segir að á vegum SVP sé nú einnig verið að taka saman leiðbeiningar fyrir öku menn um öll helstu öryggisatriði sem snerta akstur og frágang á farmi í landflutningum. Gefin verði út handbók sem öku menn geti haft til hliðsjónar í störfum sínum. Að sögn Eyþórs var reynt að fá að þeirri vinnu sem breiðastan hóp fólks úr ólíkum greinum landflutninga. „Við höfum skoðað talsvert af fræðsluefni sem gefið hefur verið út í nágrannalöndunum og erum sammála um að til að þetta efni gagnadist bílstjórunum þyrfi það að vera í senn aðgengilegt og auðskilið. Við viljum forðast að falla í þá gryfju sem sumir hafa lent í sem er að setja efnið fram með mjög fræðilegum útlitunum og flóknum formúlum, en leggjum þess í stað áherslu á einfaldan og skýran texta með myndum og dæmum um góðan frágang.“



Óhöpp vegna ófullnægjandi frágangs á farmi er álitshnekkir fyrir alla greinina, segir Eyþór.

Sjálfvirk hæðarmæling á farmi

Eyþór segir að hjá flutningafyrirtækjunum hafi menn verið að herða enn frekar öryggisáherslur sínar. Hjá Eimskip hafi til dæmis verið farnar ýmsar leiðir í þeim efnum. Bæði hafi aðstæðum á vinnustað verið breytt þannig að þær stuðli að því að öryggisreglum sé fylgt og eins hafi verið haldið uppi mikilli fræðslu og áróðri. Hann nefnir sem dæmi að þegar óhöpp áttu sér stað vegna of hárra farma, hafi verið brugðist við með því að koma upp sérstökum búnaði við útkeyrsluhliðin. Þessi búnaður, sem er sjálfvirkur, mælir hæð bílanna og ýmist aðvarar öku menn ef farmurinn er á mörkum þess að vera of hár eða hreinlega lokar hliðinu ef hæðin fer yfir tiltekið hámark. Ef hliðið opnast ekki sjálfkrafa vegna þess að farmurinn er of hár, verður að fara yfir

það sérstaklega með viðkomandi bílstjóra á hvaða leið hann er og síðan er tekin meðvitund ákvörðun um hvort bílstjórinn heldur áfram eða ekki. „Mið fjölgun mislægra gatnamóta og jarðganga er algjört skilyrði að bílstjórnarnir séu alltaf meðvitaðir um hæð farmsins sem þeir eru með. Í dag komast menn ekki lengur út af athafnasvæði Eimskips án þess að gera sér grein fyrir þessu,“ segir Eyþór. Hann bætir því við að til að tryggja að bílstjórnarnir gleymi sér ekki hafi verið útbúnir sérstakir minnismíðar sem þeir geta stillt upp í mælaborðinu.

Öryggismál eru góð fjárfesting

Eyþór segir að menn geri sér æ betur grein fyrir mikilvægi öryggismála í rekstri fyrirtækja. Til að raunverulegur árangur náist sé hins vegar nauð-

synlegt að æðstu stjórnendur séu með á nótunum. „Til lengri tíma lítið er hægt að spara mikla peninga með því að auka öryggi og draga úr óhöppum. Þess vegna eru útgjöld til öryggismála að mínu viti skynsamleg fjárfesting.“ Hann telur að á vissan hátt hafi aðkoma erlendra fyrirtækja eins og Bec-tel og Alcoa að virkjunar- og stóriðjufrankvæmdum á Austurlandi opnað mönnum nýja sýn á öryggismálin. „Það er augljóst að við getum lært talsvert af þessum aðilum, þótt stundum finnist mönnum full langt gengið eins og til dæmis þegar ekki má hefja neitt verk, hvort sem það er lítið eða stórt, öðru vísi en að gera áhættumat fyrst. En þeir hafa verið að ná árangri og það er það sem skiptir máli,“ segir Eyþór H. Ólafsson að lokum.

Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar telur þörf á heildarlausnum.

Verzlunin hvetur til neyslu hollra vara

Nýlega var haldin fjölsóttur fundur á vegum SVP þar sem fjallað var um ábyrgð atvinnulífsins á auknu



Ragnar Lúðvík Rúnarsson.

Vörumerking heldur sérstöðu sinni:

Gæði umfram magn

Vörumerking og forveri þess, Karl M. Karlsson og Co, hefur löngum haft nokkra sérstöðu í prentiðnaði á Íslandi. Í um það bil 45 ár hefur fyrirtækið lagt sig í líma við að tileinka sér nýjungar í vörubrúun og þjónustu en líklega var fyrirtækið þekktast fyrir áprentaða límmiða, fóliur og aðra framleiðslu sem önnur fyrirtæki höfðu ekki tileinkað sér. „Það er alltaf eitthvað nýtt að gerast,“ segir Ragnar Lúðvík Rúnarsson hjá Vörumerkingu. „Nokkrar nýja vörulínur hafa bæst í sarpinn og við höfum alltaf séð tækifæri í ýmsu sem aðrir hafa ekki verið með.“

Ragnar segir að ekki vanti samkeppnina og hún sé vissulega af hinu góða. „En við leggjum áherslu á að þjónustan standi undir væntingum. Það er ekki nóg að bæta bara við nýjum vörulínum. Við viljum ekki gefa mönnum falskar vonir og hlaða inn pöntunum áður en við getum staðið við þær.“

Sem fyrr er límmiðaframleiðslan stór partur af starfsemi en kortaframleiðsla hefur vaxið jafnt og þétt. Segja má að Vörumerking sé ráðandi á kortamarkaðnum ef undan eru skilin debet- og kreditkort. „Við höfum reyndar verið að skoða þau mál og höfum fundið fyrir áhuga á því að tökum slíka framleiðslu að okkur. Það væri vissulega talsvert hagræði í því fyrir bankana og aðra að fá framleiðslu til landsins.“

Vélakostur Vörumerkingar þjónar vel þörfum framleiðslunnar í dag. Tæknibúnaðurinn er mjög fullkominn og er megináhersla lögð á gæði framleiðslunnar. „Við leggjum ekki endilega áherslu á að vera með nýjstu tækin, heldur tækjakost sem hentar stærð markaðarins,“ undirstrikar Ragnar.

Vörumerking hefur löngum verið í samvinnu við mörg fremstu fyrirtæki landsins á nánast öllum sviðum atvinnulífsins og hefur tekist að byggja upp mjög virkt eftirlitskerfi sem gerir fyrirtækinu kleift að þróa og stækka eins og raun ber vitni. Það hefur átt sinn þátt í því að fyrirtækið hefur haldið sérstöðu sinni og staðið traustum fótum á sérhæfðum sviðum á markaðnum.

heilbrigði. Meðal þeirra sem höfðu framsögu á fundinum voru Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Magnús Scheving forstjóri Latabæjar. Í lok fundar undirrituðu forvarsmenn matvöruverzlunarinnar í landinu yfirlýsingu þar sem fram kemur að verzlunarmenn munu gera það sem í þeirra valdi stendur til að hvetja til aukinnar neyslu hollra vara



Magnús Scheving.

og aukinnar hreyfingar bæði meðal starfsmanna og viðskiptavina. Auk yfirlýsingarinnar var skorað á stjórn-

völd að taka á þessum efnun.

Ráðherra greindi frá því að í upphafi ráðherraferils síns hefði hann lýst því yfir að forvarnarstarf yrði sá útgangspunktur sem hann tæki í störfum sínum sem ráðherra og sagði hann málefni fundarins falla vel að þeirri yfirlýsingu. Hann sagði enn fremur að árið 2002 hafi mátt rekja 86% dauðsfalla og 77% sjúkdómsbyrðarinnar í Evrópu til sjúkdóma sem draga má úr með aukinni hollustu og breyttum lífsháttum. Ráðherra upplýsti að á vegum heilbrigðisráðherra sé hafin vinna við mótun víðtækrar stefnu í forvarnarmálum sem á að taka á öllum helstu þáttum sem við er að kljást í bráð. Þung áhersla verður að hans sögn lögð á að efla grasrótarstarf og að hinir ýmsu aðilar sem tengjast forvörnum svo

sem íþróttahreyfingin, frjáls félagsamtök, atvinnulíf og verslun gegni þar lykilhlutverki.

Á eftir ráðherra fjallaði Sigurður Jónsson um betri lífshætti og um ábyrgð verzlunarinnar í þeim efnun. Því næst Fjallaði Jónína Þ. Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun um hollustumerkingar á matvörum. Í erindi hennar kom fram hvar nágrannalöndin eru stödd í slíkum merkingum og sagði hún neytendum hér á landi hlynnta því að þessar merkingar verði teknar upp hér.

Næst kom Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar og ræddi um með hvaða hætti atvinnulífið getur stuðlað að hollari lífsháttum í þjóðfélaginu. Hann telur þörf á heildarlausnum sem tengist bæði hreyfingu og mataræði og öðrum þáttum daglegs lífs.



Hinnun og haf / SIA

Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!

Eimskip er með um 300 starfsstöðvar í yfir 30 löndum, rekur 50 skip, 25 flugvélar, 200 kæli- og frystigeymslur og 2.000 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 15.000 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

... hugsunum stórt

EIMSKIP

Ætlum okkur stóra hluti í flutningsmiðlun

- segir Sigurjón Sigurðsson, framkvæmdastjóri DM

Það er óhætt að segja að DM sé félag í örur vexti. Með sameiningum og samrunum hefur það vaxið úr því að vera 5-7 manna fyrirtæki í dag. DM, sem hefur sérhæft sig í innflutningi, vöruhýsingu og dreifingu, er nú í auknum mæli að hasla sér völlu í flutningsmiðlun og ætlar sér stóra hluti þar.

„Við sjáum gríðarleg tækifæri á flutningsmiðlunarmarkaðnum því það eru ekki orðnir margir eftir sem ekki eru tengdir stóru skipafélögum, Samskip og Eimskip. Við erum að koma okkur fyrir á þessum vettvangi og höfum nú þegar náð ágætis grunni til að byggja á,“ segir Sigurjón Sigurðsson, framkvæmdastjóri DM.

Með 90% bókamarkaðarins

Uppruna DM má rekja til Dreifingarmiðstöðvarinnar sem var stofnuð árið 2000 utan um bókalager útgáfufélagsins Eddu. Premur árum síðar var fyrirtækið Vörubíll sameinað Dreifingarmiðstöðinni og árið 2004 var hið sameinaða fyrirtæki selt Pósthúsinu. Ekki leið nema líðlega eitt ár og þá var Dreifingarmiðstöðvarhlutinn keyptur til baka út úr Pósthúsinu af sömu aðilum og höfðu selt það þangað ári áður. Þá var stofnað fyrirtækið DM sem í kjölfarið tók yfir allan innflutning, hýsingu og dreifingu fyrir Pennann. Þar sem fyrirtækið er einnig með samsvarandi samning við Forlagið, hið nýja sameinaða félag Máls og menningar, JPV og Eddu, lætur nærri að um 90% íslenska bókamarkaðarins sé kominn í dreifingu og hýsingu hjá DM.

Nýjasta viðbótin á þroskaferli fyrirtækisins voru síðan kaup DM á Transport toll- og flutningsmiðlun snemma á þessu ári. „DM var í

grunninn vöruhýsingar- og dreifingarfyrirtæki og við vorum að byrja að þreifa fyrir okkur í flutningsmiðluninni. Með kaupnum á Transport styrkjum við flutningsmiðlunarþáttinn í starfseminni til mikilla muna,“ segir Sigurjón.

Meðal þeirra fyrstu inn á Keflavíkflugvöll

Í dag ræður DM yfir hátt í 13000 fermetra vöruhúsnæði og er meiri-

hluti þeirrar starfsemi í Keflavík. „Við vorum eitt fyrsta íslenska félagið sem hóf starfsemi á varnarsvæðinu um það leyti sem herinn var að fara. Við tókum við stóru vöruhúsi þar í júní í fyrra og stefnum að því að sameina vörugeymslur okkar að sem mestu leyti á Keflavíkflugvelli þótt skrifstofurnar og þjónusta við skrifstofuvörur verði áfram hér í Kópavogi,“ segir Sigurjón Sigurðsson.

Á vormánuðum keyptu eigendur

DM vörustýringarfyrirtækið Paralógis sem sérhæfir sig í geymslu og dreifingu lyfja og fleiri vöruflokka fyrir heilbrigðisgeirann. Sigurjón gerir ekki ráð fyrir að þessi tvö fyrirtæki verði sameinuð því þau starfi á tveimur mjög ólíkum mörkuðum. „Paralógis mun halda áfram að einbeita sér að vörum sem tengjast heilbrigðisþjónustunni og við höldum áfram því sem við erum að gera hérna megin,“ segir Sigurjón að lokum.



Við sjáum gríðarleg tækifæri á flutningsmiðlunarmarkaðnum, segir Sigurjón Sigurðsson framkvæmdastjóri DM.

Icetransport með flutninganet um allan heim:

Mikil reynsla og réttar ákvarðanir

Icetransport er sterk þjónustueining sem býður viðskiptavinum heildstæða og víðtæka þjónustu á sviði flutninga, en fyrirtækið var stofnað snemma á líðandi ári með sameiningu Hraðflutninga og Fraktausna. „Starfsfólk okkar hefur mikla reynslu og þekkingu á flutningamarkaðnum sem auðveldar því að taka réttar ákvarðanir svo flutningur vöru frá einum stað til annars gangi hratt fyrir sig,“ segir Jón Ólafur Bergþórsson framkvæmdastjóri Icetransport í samtali við blaðið.

Hið sameinaða fyrirtæki hefur tekið í notkun nýtt húsnæði undir starfsemi að Selhelli 9 í Hafnarfirði. Þar er afgreiðsla og vörugeymsla. Skrifstofuastaðan, sem í dag er við Gjútuhraun, verður kominn í Selhelli fyrir júl.

Fraktausnir kom með nokkur þekkt umboð í hið sameinaða fyrirtæki, Icetransport. Þar má nefna umboð fyrir Panalpina sem er svissneskt flutningafyrirtæki með um



Bjarni Steinar Bjarnason markaðsstjóri og Jón Ólafur Bergþórsson framkvæmdastjóri.

500 skrifstofur í yfir 80 löndum og 14.000 starfsmenn. Hraðflutningar, sem stofnaðir voru í ársbyrjun 2000, lögðu hins vegar til umboð FedEx

um dreifingu hraðsendinga á Íslandi. FedEx er eitt af stærstu flutningafyrirtækjum á alþjóðavísu og nær flutningsnet þeirra til flestra landa í heim-

inum. Einnig komu Hraðflutningar inn með umboðsðila eins og Ziegler sem bjóða heildstæða þjónustu í sjóflutningum.

„Innflutningur á vörum frá Kína í sjó- og flugfrakt hjá Icetransport hefur tekið stóran kipp á þessu ári,“ segir Bjarni Steinar Bjarnason markaðsstjóri. „Aukningin á sinn þátt í góðu gengi fyrirtækisins. Margir framsæknir hönnuðir og innflytjendur hafa séð tækifærin sem felast í þessum nýja markaði þar sem hagvöxtur er mikill og útflutningur fer stöðugt vaxandi í Kína. Vöru- og framleiðsluverð þar í landi er aðeins brot af því sem þekkist í Evrópu. Við höfum aðstoðað viðskiptavinum okkar með sendingar í flugi, þar sem þyngd er jafnvel á annað tonn. Það sýnir hversu hagstæður innflutningur er frá þessu svæði. Sjófraktin hefur þó ennþá vinninginn varðandi flutningskostnað frá Kína, en á móti kemur að flutningstíminn er að sjálfsögðu mun lengri en í fluginu.“

Flytjum allt milli himins og jarðar til og frá Snæfellsnesi

Nánari upplýsingar og verðtilboð sími 892 1817


Opnunartími skrifstofu: kl.8:30 til 12:00 og 13:00 til 16:00

Sími skrifstofu 430 8100. Fax 430 8101

RAGNAR & ÁSGEIR EHF.

STYKKISHÓLMÍ - GRUNDARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ





MEIRA Í LEIÐINNI

Vertu klár, fáðu þér Smart tvennu.
Sæktu um á www.n1.is

Breytingar fyrirsjáanlegar í verslun á landsbyggðinni:

Verslun er forsenda samfélagsins

Víða í fámennustu byggðarlögum úti á landi má ætla að þróunin verði sú, að hryggjarstykkið í verslun verði litlir söluskálar með helstu nauðsynjavörum. Aðrar nauðsynjar sækja íbúar í lágvörverslanir í stærri þéttbýlisstöðum í grennd. Þessarar þróunar sér þegar stað og hún verður varla verða stöðvuð. Þetta er mat Sturlu Eðvarðssonar, framkvæmdastjóra Samkaupa, sem reka 41 verslun sem flestar eru á landbyggðinni.

Umsvif Samkaupa út um land byggjast að nokkru leyti á sögulegum forsendum. Fyrirtækið var stofnað í ársbyrjun 1999 með yfirtöku á verslunarrekstri Kaupfélags Suðurnesja og seinna verslunarrekstri Kaupfélags Ísafirðinga. Nokkru síðar sameinuðust Samkaup og Matbær – dótturfyrirtæki KEA – sem starfrækti allmargar verslanir við Eyjafjörð, í Þingeyjarsýslum og víðar. Svona hefur boltinn rúllað áfram og stækkað og nú eru verslanir Samkaupa orðnar 41. Þá eru ekki meðtaldar verslanir Kaupfélags Héraðsbúa á Austurlandi en félagið og Samkaup eru í nánú samstarfi um vörukaup, markaðsmál og fleiri þætti.

Fólksfækkun veikir verslun

„Við höfum mikinn áhuga á að styrkja stöðu okkur í Reykjavík. Höfum óskað eftir því við borgarstjóra og borgarfulltrúa að fá lóðir fyrir verslanir, en við því hefur verið daufheyrst enn sem komið er. Hvers vegna svo er verða aðrir að svara, en ég hef jafn-

an vísað til ábyrgðar kjörinna fulltrúa þegar kemur að samkeppnisrekstri. Sérstaklega eiga þau rök við um matvörumarkaðinn hér í Reykjavík þar sem tvö fyrirtæki eru allsráðandi,“ segir Sturla. Hann bætir því við að nýlega hafi Samkaup svo sent inn umsókn til Faxaflóahafna um lóð í Örfirisey fyrir vöruhús og aðra slíka starfsemi. Málið sé nú komið í farveg á vettvangi hafnarstjórnar og kveðst Sturla því vonast til að eitthvað gerist í því, fyrr en síðar.

Fólksfækkun veikir verslun

Um langt skeið hefur byggðapróun í landinu í megindrátum verið sú að íbúum í fámennustu byggðunum fækkar en nokkuð fjölgar í stærstu kaupstöðunum. Í Reykjavík og á áhrifasvæði höfuðborgarinnar fjölgar íbúum hins vegar jafnt og þétt. Af sjálfu leiðir að fækkun íbúa út um land veikir starfsskilyrði verslunar þar. Þannig segir Sturla að eigi lágvörverslun að þrífast þurfi markaður hennar að telja minnst 2.500 til 3.000 manns. Samkaupsmenn hafi eigi að síður ákveðið að arka að auðnu og opna lágvörverslun á Höfn í Hornafirði á síðasta ári, þótt íbúar eystra séu aðeins um 2.200.

„Krafa Hornafirðinga um lágvörverslun var hávær og við ákváðum því að fara af stað, þótt markaðurinn væri ekki stór. Nettóverslun okkar á Höfn hefur hins vegar gengið mjög vel og ég er mjög ánægður með

viðtökur Hornafirðinga. Það á við um Hornafirð eins og margar aðrar verslanir okkar úti á land, að heima-markaðurinn er ekki stór en ferðamannamarkaðurinn yfir sumarið er það sem ríður baggamuninn og skapar grundvöll fyrir heilsársrekstur. Það á til dæmis við um verslanir okkar við Mývatn, að Laugarvatni og á Flúðum og nú síðast Búðardal, en fyrr á árinu keyptum við verslunina þar sem hafði lengi verið til sölu. Ferðabjónustan er í stöðugum vexti og á það veðjum við. Í landsbyggðarverslun hafa annars fjölmargir þættir áhrif. Á sama tíma og ferðabjónustan eflist er kvótinn skertur verulega og það þýðir auðvitað mikinn samdrátt í sölu á kosti í skipin. Svona togast allt á.“

Ríka samfélagslega ábyrgð

– Er beinlínis leitað til Samkaupa um að koma að málum þar sem verslunarrekstur hefur átt undir högg að sækja?

„Já, það er talsvert um slíkt, enda segi ég að matvörverslun sé ein af forsendum þess að samfélag geti þrífist. Þórshöfn á Langanesi er ágætt dæmi um þetta, en þar opnuðum við verslun á síðasta ári eftir gjaldprot verslunarfélagsins Lónsins. Ég gerði mér aldrei miklar væntingar um þá verslun eða hagnað af rekstri hennar en þetta hefur samt komið mjög vel út. Ég er mjög ánægður með afkomuna. Auðvitað er hár flutningskostnaður einn af stærstu kostnaðarliðunum við rekstur út á landi. Niðurgreiðsla á flutningskonstaði gæti



Samkaup rekur 41 verslun víða um land og hyggur á frekari landvinninga. „Við höfum mikinn áhuga á að styrkja stöðu okkur í Reykjavík,“ segir Sturla Eðvarðsson framkvæmdastjóri.

breytt talsverðu, en verðið ræðst auðvitað einkum og helst af því hve mikil samkeppni er á viðkomandi flutningsleið. Nei, ég sé ekki fyrir mér að við hættem á neinum þeirra staða þar sem við erum með starfsemi í dag. Við hættem að vísu nýlega rekstri Kaskó á Akranesi, einfaldlega af því forsendur höfðu breyst og það hefði verið ábyrgðarleysi að halda starfsemi áfram. Hvarvetna annarsstaðar viljum við efla starfsemi okkar enda erum við fyrirtæki með ríka samfélagslega ábyrgð.“

Á síkvikum markaði

Hagræðing í rekstri fyrirtækja sem starfa á landsvísi hefur oftar en ekki þá birtingarmynd að starfsemi úti á landi er lögð af og sameinuð höfuðstöðvunum syðra. En aðrir möguleikar bjóðast. Hjá Samkaupum, sem

hafa höfuðstöðvar sínar í Keflavík, hefur sú leið verið farin að útivistabókhald, innkaup, tölvumál og fleiri slíka þætti hjá fyrirtækjunum á Akureyri. Tölvutækni nútímans hefur eytt þeim fjarlægðum sem áður voru og því má einu gilda hvar þessi störf eru unnin í dag.

„Ég er mjög sáttur með þetta fyrirkomulag og hvet stjórnendur til að horfa til þess að vista verkefni úti á landi – ef það er mögulegt – enda er kröftugt og gott starfsfólk og miklu minni starfsmannavelta þar en hér fyrir sunnan sem er ótvíræður kostur. Útivistunarstefnan er jafnframt hluti af þeirri stefnu okkar að halda öllum kostnaði í lágmarki og vera sveigjanlegir svo við getum verið fljótir að takast á við allar breytingar á hinum síkvika matvörumarkaði.“

Í kvörtuninni felst ákveðið tækifæri

Margrét Reynisdóttir hjá KAXMA-ráðgjöf vinnur um þessar mundir að því að taka saman kennslubók um hvernig bregðast eigi við kvörtunum. Verkefnið er unnið í samvinnu við SVP.

„Þetta byrjaði hjá mér sem meistrarverkefni í stjórnun og stefnumótun sem síðan þróaðist út í gerð kennslubókar. Í ljósi þess hvað þjónustugreinar eru orðnar gríðarlega umfangsmiklar hér á landi er ótrúlegt að það hefur lítið sem ekkert verið skrifað um þessi mál,“ segir Margrét. Hún segir að í bókinni verði rakin fjölmörg raunveruleg dæmi um hvernig koma má í veg fyrir kvartanir með því að veita framúrskarandi þjónustu og hvernig fyrirtæki geta aukið samkeppnishæfni sína með því að líta á viðskiptavinum sem kvartar sem ráðgjafa. Að sögn Margrétar er víða pottur brotinn í þessum efnunum hér á landi eins og í nágrannalöndunum þar sem innan við helmingur óánægðra neytenda telur að starfsmenn fyrirtækjanna hafi sýnt kurteisi og tekið kvörtununum vel. „Aðalatriðið er að menn geri sér grein fyrir að í kvörtuninni felst ákveðið tæki-



Margrét Reynisdóttir.

færi. Það eru ákveðin verðmæti í því fólgin þegar viðskiptavinurinn kemur og kvartar. Þá er hann í raun og veru að gefa ráð um það hvernig bæta má þjónustuna. Þegar rétt er brugðist við slíkum kvörtunum benda kannanir til þess að menn geti eignast mun traustari viðskiptavin en áður,“ segir Margrét.



Ráðstefna um rýrnun – hvað er til ráða?

Ráðstefnan verður haldin fimmtudaginn 8. nóvember næstkomandi kl. 9.00–12.00 á Hótel Nordica

Dagskrá

- 8.15 Skráning
- 8.30 Setning
Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP
Eyþór Viðisson, sviðsstjóri fræðsluviðs VSI
- 8.40 European Theft Barometer
Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs
- 9.10 Daglegur vandi og verkefni vegna rýrnunar
Kjartan Már Kjartansson, öryggisstjóri hjá Samkaupum hf.
Rúnar Örn Rafnsson, rekstrarstjóri hjá Árdegi
- 9.50 Morgunkaffi
- 10.20 ECR-Road-map
Adrian Beck, sérfræðingur hjá háskólanum í Leicester
- 11.00 Pallborðsumræður
Með þátttöku Adrians Beck og fulltrúum SVP og VSI
- 12.00 Ráðstefnulok

Fundarstjóri Sigurður Jónsson
Aðgangseyrir 12.900 kr. en 9.900 kr. ef keyptir eru 5 miðar eða fleiri
Skráning á svth@svth.is eða í síma 511 3000



Lífið er einfalt með LS Easy Retail

LS Easy Retail er sérlausn frá Landsteinum Streng fyrir verslanir og veitingahús byggð á Microsoft Dynamics NAV sem veitir heildaryfirsýn í rekstrinum á einfaldan hátt.

LS Easy Retail er ætlað minni verslunum og veitingahúsum, með einn til tvo afgreiðslukassa. Viðmótið er afar notendavænt og handtölvu-tengingar flýta fyrir afgreiðslu, móttöku pantana og kortagreiðslum í veitingarekstri.

Nýttu þér tækifærið og gerðu lífið einfaldara með LS Easy Retail. Hafðu samband við söludeild okkar eða samstarfsaðila.

**Heildarlausn sem er einföld í uppsetningu
– auðveld í notkun**



Innifalið í LS Easy Retail er:

- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamanna- og sölubókhald
- Tengslastjórnarkerfi (CRM)
- Eignakerfi
- Birgðir og forðabókhald
- LS Retail veitingahúsalausn
- LS Retail verslun
- LS Retail bakvinnslukerfi
- Lánardrottna- og innkaupakerfi
- Þrjú samtímanotendur

**LS Easy Retail
verslunar- og
bókhaldslausn
198.900 kr.***

Samstarfs- og söluaðilar okkar eru:

EJS, Nýherji, Opin kerfi, Þekking, Handtölvur og Digital Task



Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007

Meðal ánægðra viðskiptavina LS Easy Retail innanlands má nefna: Dána Vera, Kraum ehf, Silfur Sport, Bask og Friðrik V. Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar víða um heim í fleiri en 15000 verslunum með yfir 35.000 afgreiðslukassa, m.a Debenhams, Pizza Hut, Booths, IKEA, adidas, Alliance Pharmacy og Levi Strauss & co.



LANDSTEINAR STRENGUR

Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

Okkar þekking - þitt forskot!

*Verð án vsk, uppsetningarkostnaðar og vélbúnaðar



Tryggðu mikilvægustu auðlind fyrirtækisins!

Sjóvá býður hóþryggingar sem henta öllum fyrirtækjum.



HÓPTRYGGINGAR

Hóþrygging er einföld lausn fyrir fyrirtæki sem vilja tryggja betur hag sinna starfsmanna. Með hóþryggingu njóta allir starfsmenn, innan tilgreinds starfsmannahóps, sömu verndar.

- Líftrygging
- Sjúkdómatrygging
- Örorkutrygging
- Lykilmannatrygging

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 2000 og fáðu nánari upplýsingar.

VERTU VISS

SJÓVÁ